



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

## **Skapandi samstarf grunnskóla og safna**

**Hugmyndahatturinn - handbók fyrir grunnskólakennara**

Jóhanna Bergmann

**Lokaverkefni til M.Ed.-prófs**

**Listaháskóli Íslands**

**Listkennsludeild**

**Vorönn 2022**



# **Skapandi samstarf grunnskóla og safna**

## **Hugmyndahatturinn - handbók fyrir grunnskólakennara**

Jóhanna Bergmann

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í kennslufræðum

Leiðbeinandi: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Meistaránám í kennslufræðum

Listkennsludeild

Vorönn 2022

Ritgerð þessi er 20 ECTS eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs í kennslufræðum við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Útdráttur

Lokaverkefni mitt við listkennsludeild Listaháskóla Íslands felst annars vegar í hjálagðri handbók fyrir grunnskólakennara um skapandi samstarf grunnskóla og safna um menntun barna og hins vegar í þessari greinargerð um efnisöflun í handbókina og það samhengi sem hún stendur í. Samhenginu skipti ég í kafla eftir efni. Fyrsti kafli fjallar um safnfræðslu á Íslandi, sögu hennar og stöðu í dag. Annar kafli er um opinberar stefnur ríkis, sveitastjórna og stofnana í menntamálum og málefnum menningar og lista með sérstöku tilliti til safna og barnamenningar. Þriðji kafli fjallar um kennslufræðilegt samhengi safnfræðslu og áherslu á skapandi starf í kennslu grunnskólabarna. Hjálögð handbók nefnist *Hugmyndahatturinn* og í henni eru 28 dæmi um skapandi samstarf við grunnskóla frá söfnum víðsvegar á landinu. Dæmunum safnaði ég með því að senda spurningakönnun til allra viðurkenndra safna á Íslandi, auk höfuðsafnanna þriggja. Innsendum dæmum raða ég upp eftir fjölda efnispátta þess námsferlis sem þau lýsa, frá hinum fjölþættustu fremst til hinna einföldustu aftast. Útkoman er aðgengilegt uppflettirit sem gagnast sem innblástur fyrir grunnskólakennara um mögulegar nálganir í fræðslu nemenda í samstarfi við söfn, þar sem sköpunarkraftur nemenda fær að njóta sín og safnið verður að vettvangi þeirra til að rannsaka, uppgötva og gera nýjar tengingar í huga sér. Handbókin kemur sér einnig vel fyrir starfsfólk safna sem hefur áhuga á að brydda upp á skemmtilegum nýjungum í safnfræðslu fyrir grunnskólanemendur.

## Abstract

My final project from the Department of Arts Education of the Iceland University of the Arts is on the one hand the attached handbook for teachers in compulsory schools (1<sup>st</sup> – 10<sup>th</sup> grade) about creative collaboration between schools and museums on children's education, and on the other hand this dissertation on the context the handbook stands in and my collection of material for it. I divide the context into sections by topic. The first chapter deals with museum education in Iceland, its history and current situation. The second chapter is on the public policies of the state, local authorities and institutions on education, culture and the arts, with special regard to museums and children's culture. The third chapter puts museum education in context with theories in education and draws forth the current emphasis on creative work in the teaching of children in compulsory schools. The attached handbook is called *A Hat full of Ideas* (Icel. *Hugmyndahatturinn*) and it

contains 28 examples of creative collaboration between compulsory schools and museums around the country. I collected the examples by sending a questionnaire to all accredited museums in Iceland, as well as the three head museums. I arranged the examples received according to the number of components in the learning process they describe, from the most diverse at the front to the simplest at the back. The outcome is an accessible reference book that serves as an inspiration for teachers in compulsory schools about possible approaches to teaching in collaboration with museums, where room is given to the students' creativity and the museum becomes their platform for research and making discoveries and new connections in their minds. The handbook also comes in handy for museum staff who are interested in developing innovative approaches in museum education for students in compulsory schools.

# Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Inngangur .....	6
1. Safnfræðsla á Íslandi.....	10
1.1 Upphaf og þróun.....	10
1.2 Staðan í dag.....	13
1.3 Af hverju er safnfræðsla mikilvæg? .....	17
2. Opinber stefnumörkun í mennta- og menningarmálum .....	19
2.1 Menningarstefnur.....	19
2.2 Stefnur í málefnum safna og menningarstofnana .....	21
2.3 Menntastefnur .....	24
2.3.1 Greining Anne Bamford á stöðu list- og menningarfræðslu á Íslandi.....	25
2.3.2 Látum draumana rætast, menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 .....	26
2.3.3 Íslensku menntaverðlaunin.....	28
2.3.4 Ríkið: Menntastefna fyrir árin 2021–2030 og Aðalnámskrá.....	28
2.4 Áhersla á barnamenningu .....	30
3. Kennslufræðilegir þættir .....	33
3.1 Kenningar í kennslufræði í samhengi safna.....	33
3.1.1 Kennslufræðimódel Hein .....	33
3.1.2 Fjölgreindarkenningin og skilningarvitin .....	36
3.1.3 Listmiðuð umhverfismennt/-un, útinám.....	37
3.2 Grunnþættir menntunar; sköpun og læsi .....	39
3.2.1 Sköpun .....	39
3.2.2 Læsi.....	41
3.3 Lykilhæfni og sköpunarferli í <i>Aðalnámskrá</i> .....	42
3.4 Starfskenning mín .....	43
4. <i>Hugmyndahatturinn</i> verður til .....	45
4.1 Efnisöflun .....	45
4.2 Úrvinnsla .....	47
4.3 Uppbygging og innihald.....	48
4.4 <i>Hugmyndahattinum</i> komið á framfæri .....	51
Lokaorð .....	53
Heimildaskrá.....	55
Myndaskrá .....	61

<b>Viðauki I. Spurningakönnun .....</b>	<b>62</b>
<b>Viðauki II. Listi yfir söfn .....</b>	<b>64</b>
<b>Viðauki III. Bréf til safna.....</b>	<b>66</b>



## Formáli

Ég innritaði mig í meistaranám í kennslufræðum til þess að endurmennta mig í starfi sem safnkennari við Þjóðminjasafn Íslands. Námstími minn við listkennsludeild Listaháskóla Íslands reyndist mér afskaplega dýrmætur og gjöfull. Nú þekki ég betur til starfsumhverfis kennara og krafna sem gerðar eru til þeirra innan skólanna, ég hef safnað ómældum auði hugmynda um skapandi kennslufræðilegar nálganir í vinnu með nemendum og hef öðlast skýrari fagvitund sem gefur mér áráði og þor til að brydda upp á nýjum leiðum sem skilja meira eftir hjá nemendum í gegnum þátttöku þeirra í því sem er gert í safnheimsókninni og í tengslum við hana. Ég vil þakka kennurum mínum við deildina fyrir hvatningu og áhugaverð og ögrandi námskeið sem gera mig ekki bara að betri safnkennara heldur líka að betri manneskju.

Yfirmönnum mínum við Þjóðminjasafn Íslands þakka ég fyrir að gefa mér tækifæri til að sækja mér þessa endurmenntun, hún hefur þegar haft jákvæð áhrif á störf mín innan safnsins og mun eflaust halda áfram að bera ávöxt þegar fram líða stundir.

Samstarfsfólki mínu innan safnageirans á Íslandi þakka ég fyrir að taka jákvætt í umleitan mína um dæmisögur í *Hugmyndahattinn*, handbók fyrir grunnskólakennara, og almennt fyrir að hafa trú á þessu verkefni og tjá mér þá skoðun sína og sýna mér stuðning.

Samstarfskona mín í Þjóðminjasafninu, Anna Leif Auðar Elísdóttir, fær sérstakar þakkir fyrir góða, þétta og skapandi nærveru í gegnum störf og nám.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, leiðbeinandi minn í þessu lokaverkefni, á skilið sérstakar þakkir fyrir óbrigðulan yfirlestur og ígrundaðar ábendingar í gegnum ferlið allt. Kolbrún Kolbeinsdóttir íslenskufraeðingur prófarkalas ritgerð og handbók af vandvirkni.

Nú tekur við það verkefni að koma *Hugmyndahattinum* á framfæri við grunnskóla og kynna þessa handbók með öllum ráðum innan kennarastéttarinnar og á meðal samstarfsfólks í safnageiranum. *Hugmyndahatturinn* verður aðgengilegur á sem flestum vefsvæðum sem kennarar og safnafólk nýta sér, notendum að kostnaðarlausu. Von mín er að ég muni hafa ástæðu til að uppfæra hann reglulega með nýjum og spennandi verkefnum.

## Inngangur

Sem lokaverkefni í meistaranámi í kennslufræðum við Listaháskóla Íslands hef ég unnið handbók fyrir grunnskólakennara um þá fjölbreyttu möguleika til náms sem samvinna við söfn felur í sér fyrir nemendur. Handbókina nefni ég *Hugmyndahattinn* og fylgir hún þessari greinargerð um verkefnið í sér skjali. Nafnið vísar til töfrahatta sem ýmislegt óvænt og skemmtilegt getur sprottið upp úr og einnig til þess að setji einhver hattinn upp fyllist hugurinn af hugmyndum.

Bæði söfn og skólar eru menntastofnanir. Söfn eru flokkuð undir hið óformlega menntakerfi en innan skólakerfisins eru hinar formlegu menntastofnanir, eins og grunnskólar. Flestir kennarar þekkja til staðlaðra, skilgreindra safnheimsókna sem safnfræðslusérfræðingar<sup>1</sup> hafa sniðið. Færri vita að safnfræðslusérfræðingar eru alla jafna tilbúin<sup>2</sup> í samtal og samráð um nýtingu safnsins í vinnu með nemendum. Innan safnanna er tekið með glöðu geði á móti hugmyndum kennara og nemenda um nám inni í söfnum eða í samvinnu við söfnin. Þessu þarf að halda á lofti og sýna grunnskólakennurum fram á að þau sjálf geta verið við stjórnvölinn í safnheimsóknum ekki síður en safnkennararnir. Upplýsingar um möguleikana liggja brotakennt á víð og dreif svo sem á heimasíðum safna og e.t.v. einhverra skóla. Þar sem verkefni af þessu tagi eru sérsniðin en ekki stöðluð, þá er þeirra ekki getið sem valmöguleika fyrir grunnskóla á heimasíðum safnanna en á sumum þeirra er almennt orðuð setning um að gjarnan sé komið til móts við óskir kennara og hvatt til þess að haft sé samband um þær. Auk vefsvæða safnanna eru til söfnunarsíður um möguleika á námi inni á menningarstofnunum, svo sem hjá *List fyrir alla* á landsvísu og *Uppsprettu* fyrir höfuðborgarsvæðið, en þar eru að mestu sömu upplýsingar og á heimasíðum viðkomandi menningarstofnana, þ.e. staðlaðar, skilgreindar safnheimsóknir sem safnfræðslusérfræðingar setja einhliða fram. Vel getur verið um skapandi samstarf að ræða þó að frumkvæðið komi ekki frá grunnskólakennurunum. Í raun er minnihluti dæmanna í *Hugmyndahattinum* sprottinn frá kennurum. Safnfræðslusérfræðingar eða þriðji aðili utan menntakerfisins, svo sem listafólk, sveitastjórn eða menningarhátíð, efna gjarnan til skapandi samtals og verkefna sem unnin eru með nemendum með aðkomu safnanna.

---

<sup>1</sup> Safnfræðslusérfræðingar er heitið sem starfsfólk sem vinnur að safnfræðslu valdi á spjallhóp sinn á Facebook. Mörg mismunandi starfsheiti eru í umferð yfir þau sem sinna fræðslu í söfnum og ræði ég það mál sérstaklega í kafla 1.2.

<sup>2</sup> Ég leitast við að hafa kynhlutlaust ávarp í texta greinargerðarinnar, jafnvel þó það þýði að setning verði málfræðilega röng. Þó segi ég „hann“ um nemanda og kennara í et. þar sem hlutlaus kosturinn hann/hún/hán er þungur í vöfum. Í fleirtölu segi ég alltaf „þau“.

Þegar ég segi „skapandi“ á ég fyrst og fremst við að nemendur fái tækifæri til að vera skapandi í námsferlinu sem verkefnið snýst um. En samtalið á milli safns og skóla getur líka verið skapandi í þeim skilningi að það leiði til nýrra leiða í nýtingu safna sem námsvettvangs. Upplýsingar um möguleika á skapandi samvinnu, eins og tíundaðar eru í *Hugmyndahattinum*, liggja ekki á lausu og tímabært er að koma þeim á framfæri við grunnskólakennara á aðgengilegan hátt.

Ég tel að nú sé rétti tíminn fyrir handbók af þessu tagi. Markmiðið með henni er að lækka þröskuldinn á milli skóla og safna og stuðla að aukinni og fjölbreyttari nýtingu á söfnum í kennslu grunnskólabarna. Innan skólanna er andrúmsloft sköpunar og þverfaglegrar samvinnu að ryðja sér æ meira til rúms og mikilvægt að söfnin skapi sér sess í því starfi. *Hugmyndahattinum* er ætlað að vera innblástur fyrir grunnskólakennara svo að þau finni að þau geti haft áhrif á og átt þátt í að móta námið sem nemendum þeirra býðst í söfnunum. Handbókin á einnig að sýna grunnskólakennurum fram á fræðslugildið sem samstarf við söfn felur í sér og að fjöldi hæfniviðmiða ásamt grunnþáttum menntunar eiga vel við í námi með aðild menntastofnananna sem söfnin eru.

*Hugmyndahatturinn* inniheldur ýmis dæmi um fyrirmyndarverkefni sem hafa verið framkvæmd í söfnum hér á landi og heppnuðust vel. Sum dæmin eru enn í mótun enda talsverð gróska í þessum efnum. Margar ólíkar nálganir innan safnfræðslu koma við sögu. Þetta eru til að mynda stakar heimsóknir, endurteknar heimsóknir og samvinna um sýningar eða aðra viðburði. Áhersla er á sköpun, teymiskennslu, þverfagleika, þemavinnu, smiðjur og fjölbreytt læsi í samræmi við *Aðalnámskrá* með sínum gegnumgangandi grunnþáttum menntunar og lykilhæfni. Þessi áhersla er sýnileg í skólastarfi um land allt. Menntunarhlutverk safna og aukin hvatning frá opinberum aðilum til menningarþátttöku barna koma sterk inn og eru sérstakt umræðuefni í þessari greinargerð.

Það sem ég geri mér vonir um að skili sér til bæði kennara og nemenda með þátttöku í verkefnum að fyrirmynd *Hugmyndahattsins* er ekki aðeins þekking á því efni sem safnkostur viðkomandi safns fjallar um, heldur einnig þau hughrif að söfn geymi fjársjóð áþreifanlegrar þekkingar og sögu, að hægt sé að kafa ofan í þann fjársjóð og gera tilraunir, rannsaka, prófa, skoða, meta og safna saman áhugaverðum atriðum til að vinna úr á skapandi hátt, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra. Það sem ég vona að sitji eftir hjá nemendum, og ekki síður kennurum, er tilfinning fyrir eignarhaldi á menningararfinum, á safninu og þar með á samfélaginu. Að þau muni láta sig varða um menningararfinn og finni að þau geti haft áhrif á nærumhverfi sitt með þátttöku í samfélaginu í gegnum söfnin.

Efninu í *Hugmyndahattinn* safnaði ég með spurningakönnun sem ég sendi til safnstjóra og safnfræðslusérfræðinga höfuðsafnanna þriggja og allra viðurkenndra safna á landinu, samtals 50 safna. Með könnuninni óskaði ég eftir frásögnum og ýmsum ítarupplýsingum um skapandi samstarf við grunnskóla. Spurningakönnunina og listann yfir söfnin má sjá í viðauka I og II. Árangurinn af söfnuninni og ferlið við úrvinnslu innsendra dæma er til umfjöllunar í kafla 4. Þar lýsi ég því hvernig handbókin raðaðist upp út frá efninu sem safnaðist. Kaflar 1 til 3 fjalla um sviðin sem handbókin snertir; 1. kafli er um safnfræðslu sem slíka, sögu hennar á Íslandi og hvernig hún stendur í dag, 2. kafli rekur þær opinberu stefnur sem eiga við söfn, menntun og barnamenningu og 3. kafli setur kenningar í kennslufræði í samhengi við safnfræðslu.

Í framhaldi af gerð handbókarinnar *Hugmyndahattsins* er ætlun mín að fá hana útgefna á stafrænu formi. Ég tel að stafræn, veflæg útgáfa henti efninu vel. Þá er auðvelt að dreifa handbókinni en hún á að vera aðgengileg án tilkostnaðar fyrir notandann. Í *Hugmyndahattinum* eru þó nokkrir hlekkir á vefsíður safna og annarra samstarfsaðila og sé útgáfan stafræn er hægt að fylgjast með að hlekkir séu virkir og uppfæra einstök atriði ef ástæða er til. Ég ræði framhaldið ítarlegar í lok 4. kafla.

Sjálf er ég safnakona af lífi og sál og hef lengst af starfað við söfn allt frá fyrra meistaraþrófi mínu árið 1989. Ég hef sérhæft mig í safnfræðslu frá árinu 2002 og starfa nú sem safnkennari við Þjóðminjasafn Íslands. Mikilvægur hluti starfs míns sem safnkennari er að taka á móti skólahópum og veita þeim fræðandi og helst eftirminnilega reynslu af safnheimsókn. Ég hef verið að leita eftir leiðum til að brjótast út úr hefðbundinni leiðsögn þar sem of stór hluti heimsóknarinnar felur í sér að teyma nemendur í einum hópi á valda staði grunnsýningarinnar þar sem ég læt ljós mitt skína og eys úr mínum viskubrunnum yfir nemendur. Hvernig væri að leyfa nemendum að skína? Fá þeim í hendur einhver verkfæri eða ramma til að vinna með og sækja sér sínar eigin uppgötvanir og tengingar sem hafa merkingu fyrir þeim? Að brjótast upp úr gamla farinu er verkefni sem við safnkennararnir í Þjóðminjasafninu höfum verið að takast á við í sameiningu undanfarin misseri.

Ég hóf meistaranám í kennslufræðum við LHÍ sem endurmenntun í starfi 2019 og vel mér þetta lokaverkefni ekki síst vegna þeirrar löngunar minnar að sjá þéttara og meira skapandi samtal og samvinnu milli kennara í grunnskólum og okkar inni á söfnunum. Möguleikarnir eru svo margir og ávinningurinn svo ríkur fyrir nemendur sé vel að verki staðið og bæði grunnskólakennarar og safnkennarar virk í móta námið í safninu og úrvinnslu

safnheimsóknar með nemendum. Til þess að svo geti orðið þarf vitundarvakningu innan grunnskólanna um að söfnin standi þeim opin, að kennarar og nemendur geti haft áhrif á hvað gerist í safninu, eða í samvinnu við safnið, en þurfi ekki að vera aðeins óvirkir þiggjendur safnfræðsludagskrár sem starfsfólk safnsins hefur mótað einhliða. Með þessum orðum er ég ekki að gera lítið úr hefðbundnum skólaheimsóknum í söfn heldur aðeins að benda á að sá rammi er þröngur og margir möguleikar til náms opnast þegar stigið er út úr honum. Það hafa ýmsir safnfræðslusérfræðingar gert, eins og fyrirmyndarverkefnið sýna, og boðið grunnskólum þátttöku í óhefðbundnu, skapandi ferli sem vonandi opnar augu fleiri sem sinna safnfræðslu um land allt fyrir kostum þannig nálgunar.

# 1. Safnfræðsla á Íslandi

Ég tel safnfræðslu standa á tímamótum á Íslandi í dag. Fræðsla fyrir grunnskólanemendur í því formi að teyma verklausu nemendur í gegnum sýningar er orðin of takmörkuð miðað við kröfur dagsins í dag. Í dag er leitað leiða innan skólakerfisins til að nemendur séu virkari í þekkingaröflun sinni en áður var og mikil áhersla er lögð á skapandi starf með börnunum (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 38). Nám á nú að vera orðið nemendamiðað en ekki kennaramiðað eins og tíðkaðist lengi vel. Samtal milli grunnskólakennara og fræðslusérfræðinga safnanna er til staðar og rými er fyrir þróun í þá átt að forsendur kennara og nemenda grunnskóla fái aukið vægi í safnfræðslunni og að námsferlið frá sjónarhóli nemenda sé meira skapandi (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 37 – 44).

Rétt er að taka fram að hugtakið safnfræðsla á við fleira en móttöku skólahópa. Það getur líka átt við viðburði, leiðir sem safnið býður fjölskyldum með börn að kanna sýningar og ýmsa gagnvirkni og miðlunarleiðir til almennra gesta. Ég nota hugtakið í þessari greinargerð aðallega í merkingunni sem lýtur að skólahópum en annars ætti merkingin að skiljast af samhengi á hverjum stað.

Til þess að átta okkur betur á þeim tímamótum sem safnfræðsla gagnvart skólahópum stendur á skulum við líta á þróun undanfarinna áratuga.

## 1.1 Upphaf og þróun

Saga safnheimsókna grunnskólanemenda á Íslandi hófst á fjórða áratug 20. aldar og fólst í samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara um að Ásmundur fengi lóðagjöld og aðra skatta af húsi sínu við Freyjugötu felld niður gegn því að veita grunnskólanemendum borgarinnar ókeypis aðgang að safni sínu. Hann tók sjálfur á móti börnunum og veitti þeim leiðsögn og fræðslu (Ólög Kristín Sigurðardóttir, 2017, bls. 36). Bryndís Sverrisdóttir (2015), safnafræðingur, skrifaði meistararitgerð sína um sögu safnfræðslu á menningarminjasöfnum hér á landi, en Bryndís var sjálf þátttakandi í þeirri þróun á ýmsum stigum. Hennar athugun bendir til að kveikjan að skipulagðri safnfræðslu hafi legið í listum því skólaárið 1956 – 1957 hafi listmálari verið ráðinn til menntamálaráðuneytisins til þess að kynna listgreinar og listafólk í skólum. Árið 1960 má líta á sem upphafsár skipulagðrar safnfræðslu en þá er sama starfsmanni falið að fylgja

gagnfræðaskólanemum á sýningu Þjóðminjasafnsins að frumkvæði fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Eftir því sem Bryndís kemst næst var fyrirkomulagið með þeim hætti að safnfræðarinn heimsótti skóla, hitti nemendur og undirbjó fyrir heimsókn á safnið þar sem hann hitti þau svo aftur og veitti leiðsögn um landnámstímann. Að hennar sögn breyttist fyrirkomulagið ekki næstu tvo áratugi. Athyglisvert er að safnið virðist ekki beinn aðili að þessari safnfræðslu fyrir unglunga. Frumkvæðið er skólayfirvalda og laun starfsmanns koma frá menntamálaráðuneytinu (Bryndís, 2015, bls. 24 – 25).

Eftir tímabil stöðnunar var stofnuð nefnd sem gerði úttekt á samskiptum milli safna og skóla og lagði fram tillögur til umbóta 1981. Úttektin tilgreindi áður nefndar safnferðir á vegum fræðslufirvalda en einnig tiltók hún önnur samskipti kennara og nemenda við söfnin, sem iðulega voru að frumkvæði kennara (Bryndís, 2015, bls. 25 – 27). Nefndin leitaði svara við hvað stæði í vegi fyrir frekari samskiptum. Svörin leiddu í ljós að skólafólk var óánægt með þá þjónustu sem kennarar og nemendur fengu í söfnum. Óánægja skólafólksins endurspeglast í svörum starfsmanna safnanna til nefndarinnar en þar gætir úrræðaleysis og áherslu á skort á fjármagni og starfsfólki til að sinna nemendum. Til úrbóta leggur nefndin til atriði í sex liðum, þar með talið að safnafræði verði fastur liður í kennaramenntun, að skólayfirvöld og söfn hafi samvinnu um gerð námsefnis og síðast en ekki síst að stærstu söfnunum verði gert kleift að ráða starfsmann sem hefði það hlutverk að sinna skólunum (Bryndís, 2015, bls. 29). Eftir því sem ég best veit varð aðeins síðast talda atriðið raunin en þó var safnkennara boðið að taka þátt í námsefnisgerð í samfélagsfræði með starfshópi á vegum menntamálaráðuneytisins fljótlega eftir að skýrslan kom út (Bryndís, 2015, bls. 55).

Á níunda og tíunda áratugnum verða mikilvægar breytingar á safnfræðslunni. Stöðugildum safnkennara, sem menntamálaráðuneytið kostaði, er fjölgað úr einu í tvö og nýir safnkennarar ráðnar til starfa. Þær höfðu kynnst safnkennslu í Svíþjóð, tengja safnheimsókn skólahópa við námskrá með beinum hætti í fyrsta sinn og vinna markvisst með ákveðna fræðslu sem nýtist kennurum og nemendum út frá námsefni. Þær víkka framboðið svo það henti öllum árgöngum og grunnskólakennarar panta safnheimsókn þegar þeim hentar, í stað fyrra fyrirkomulags sem miðaðist út frá skipulagi safnfræðarans á sinni vinnu. Safnkennararnir sinna safnkennslu við flest listasöfnin í Reykjavík auk Þjóðminjasafnsins. Náttúrufræðistofa Kópavogs bætist við á tímabilinu. Árbæjarsafn býður upp á safnkennslu á eigin vegum þegar hér er komið sögu. Á þessu tímabili eru gerðar ýmsar áhugaverðar tilraunir varðandi miðlun, svo sem leikþættir með leikara eða

brúðuleikhúsi. Markmiðið er m.a. að nemendum finnist skemmtilegt að heimsækja söfnin (Bryndís, 2015, bls. 33 – 37).

Safnkennararnir vildu fá stöður sínar færðar inn til safnanna og 1986 var látið verða af þessu og önnur safnkennarastaðan færð undir Þjóðminjasafnið og hin Listasafn Íslands. Menntamálaráðuneytið kostar stöðurnar áfram þar til söfnin taka við þeim 1994. Í framhaldi af þessu réðu fleiri söfn sérstaka safnkennara til að sinna fræðslunni (Bryndís, 2015, bls. 36). Upp úr þessu fer safnfræðsla fyrir skólahópa að taka á sig þá mynd sem mörg þekkja í dag; kennari pantar tíma fyrir bekkinn sinn, tekið er á móti hópnum af starfsmanni safnsins og nemendum veitt kynning í samræmi við aldur þeirra og þema heimsóknarinnar.

Haustið 2006 stóð Safnaráð fyrir samráðsfundi um mótun heildarstefnu á sviði menntunarhlutverks safna. Safnaráð er ríkisstofnun sem m.a. skal „hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð“ (Safnaráð, e.d.). Til undirbúnings sendi ráðið spurningakönnun til 54<sup>3</sup> safna um land allt sem boðin var þátttaka, til þess að greina stöðuna eins og hún var. Niðurstöður könnunarinnar eru settar skilmerkilega fram í skýrslu sem kom út að samráðsferlinu loknu (Safnaráð, 2007). Þar kemur fram að flestir svarendur, sem voru þau innan safnanna sem helst störfuðu að fræðslu- og menntunarmálum, völdu grunnskólabörn sem helsta markhóp safns síns. Samt sem áður kemur sömuleiðis fram að hjá 54% safnanna var enginn starfmaður með það í starfslýsingu sinni að sinna menntunarhlutverki safnsins. Spurt er um þá þjónustu sem safnið býður upp á í formi skólaverkefna og þar á að merkja við allt sem við á. Miðað við valmöguleikana er ekki verið að spyrja um sjálfa safnkynninguna eða leiðsögnina heldur ýmis verkefni eða úrræði til að styðja við fræðsluna fyrir skólahópa. Niðurstöðurnar sýna að langalgengast er að lögð séu verkefni fyrir nemendur til að vinna á safninu. Nokkuð er um að undirbúningsefni sé í boði fyrir kennara að nýta sér fyrir heimsóknir með nemendur og nokkur söfn bjóða verkefni til að vinna í skólastofu eftir heimsóknina. Fágætt er að til séu kennslugögn sem safnið býður kennurum að nýta í skólastofunni en þarna er sérstaklega verið að fiska eftir gögnum á CD formi, slidesmyndum, myndböndum, veggspjöldum og þess háttar. Fimm söfn hafa útbúið svokallaða safnkassa sem lánaðir eru í skólana en í þeim eru þá gripir sem má handfjatla (eftirlíkingar eða gripir sem eru gamlir

---

<sup>3</sup> Á þessum tíma var ekki búið að innleiða viðurkenningarferli Safnaráðs og því ívið fleiri söfn undir heldur en í dag.



en ekki eiginlegur safnkostur) auk stuðningsefnis af fjölbreyttum toga. Eitt safn sendir fræðslusýningar í skóla og nokkur fjöldi þeirra býður upp á að starfsfólk þess fari í skóla til að veita fræðslu um safnið eða út frá sérhæfingu þess.

Í ofangreindu kristallast staða safnfræðslumála í íslenskum söfnum í upphafi 21. aldar. Söfn um land allt sinna skólahópum. Oftast er um að ræða skólaheimsókn sem starfsfólk safns stjórnar, nemendum eru stundum færð í hendur verkefnablöð til að stýra þeim um sýningar í leit að svörum og eftir efnum og aðstæðum er leitast við að gera safnheimsóknina áhugaverða og skemmtilega fyrir nemendur um leið og kennurum býðst stundum stuðningsefni til að vinna með börnunum fyrir eða eftir safnheimsóknina.

Ekki er að sjá af opinberum gögnum að Safnaráð hafi fylgt heildarstefnumótun á sviði menntunarhlutverks safna sérstaklega eftir síðan skýrslan um samráðsferlið kom út 2007. Um þessar mundir vinnur Safnaráð að aðgerðaáætlun til að fylgja eftir nýlegri alhliða stefnumörkun um safnastarf þar sem einn kaflinn fjallar um söfn og menntun. Stefnumörkunin er til umræðu í kafla 2.2.

## 1.2 Staðan í dag

Safnfræðsla er ungt fag hér á landi. Engin sérstök menntun fyrir fagið býðst á Íslandi enn þá fyrir utan 30 eininga viðbótardiplómanám í safnfræðslu innan safnafræði við Háskóla Íslands. Ekkert félag safnkennara er starfandi. Menntun og bakgrunnur safnkennara er afar fjölbreyttur en kallast einkum á við sérhæfingu hvers safns fyrir sig og kemur það skýrt fram í spurningu um það efni í ofangreindri könnun Safnaráðs frá 2006. Raunar er mjög á reiki hvaða starfstíll er notaður fyrir starfsfólk safna sem sérhæfir sig í safnfræðslu. Að einhverju leyti mótast titillinn af kjarasamningum og stofnanasamningum þar sem raðað er í töflu út frá ábyrgð og sérþekkingu og viðeigandi starfsheiti hengt við. Því eru starfstítlar í dag gjarnan „verkefnastjóri“ eða „sérfræðingur“ fræðslu. AlmaDís Kristinsdóttir (2020) setti fram athuganir sínar á starfsheitum innan safnfræðslu í grein í safnablaðinu *Kvisti* í tölublaði sem var helgað safnfræðslu. Hún skoðaði heimasíður viðurkenndra safna og sendi skriflega fyrirspurn um starfsheiti og starfshlutfall viðkomandi starfsfólks. Samkvæmt hennar niðurstöðum eru flest sem sinna fræðslunni forstöðumenn/safnstjórnar sem leiðir í ljós að á minni söfnum er ekki sérhæfður starfskraftur með fræðsluhlutverkið á sinni könnu. AlmaDís tekur forstöðumenn út fyrir sviga og kemur þá í ljós að starfsheitin eru tíu talsins og „verkefnastjóri“ og „sérfræðingur“ þau algengustu. Sjálf titla ég mig safnkennara

Í mínu starfi en aðeins 11% svarenda nota það starfsheiti í könnun ÖlmuDísar. Hvað varðar starfshlutfall þá er fræðslan hlutastarf hjá 65% svarenda og fullt starf hjá aðeins um 9% þeirra. Svörin sýna líka að þau sem þó starfa við safnfræðslu eiga mörg hver einnig að sinna viðburðum eða öðrum störfum innan safnsins. Ofangreint endurspeglar rýra fagvitund innan safnfræðslunnar en eins og AlmaDís (2020, bls. 30 – 31) bendir á er fagvitund mikilvægur þáttur í þróun hvers fags.

AlmaDís Kristinsdóttir, safnafræðingur, hefur starfað lengi innan safnageirans, einkum við safnfræðslu en einnig sem forstöðumaður safna og gegnir nú þeirri stöðu við Listasafn Einars Jónssonar. Hún brennur fyrir fræðslumálum safna sem sést ekki síst á því að hún valdi að fjalla um þau í doktorsverkefni sínu í safnafræði, sem hún lauk við Háskóla Íslands 2019. Fyrir utan ÖlmuDís hafa ekki mörg gert rannsóknir á safnfræðslu á Íslandi. Fjórtán ritgerðir á *Skemmu, safni námsritgerða og rannsóknarita*, eru með efnisorðunum safnakennsla, safnkennsla eða safnfræðsla. Flestar eru á bakkalárstigi og felast í gerð kennsluefnis fyrir tiltekin söfn en nokkrar eru á meistarastigi í safnfræðslu eða menntunarfræðum og fela í sér, sem dæmi, rannsókn á hegðun safngesta, samanburð á safnfræðslu höfuðsafnanna þriggja og kennslufræðilega úttekt á safnfræðslu í tilteknu safni. AlmaDís hefur aftur á móti rannsakað þetta svið í fjölda ára og hefur gagnrýnt stöðu safnfræðslunnar sem faggreinar innan safnanna og sagt hana veika, háða duttlungum og standa kennslufræðilega á brauðfótum (AlmaDís, 2020).

Þrátt fyrir góðan vilja og talsverða grósku síðustu misseri hefur almennt séð gengið hægt að gera fræðslustarfi safna hærra undir höfði innan safnanna. Þetta á ekki aðeins við á Íslandi en AlmaDís hefur rannsakað hvað fræðafólk í löndum í kringum okkur hefur að segja um þetta atriði. Hún vísar t.d. í einn helsta rannsakandann á sviði safnfræðslu; Eilean Hooper-Greenhill (2007), sem hefur bent á óvissu og ágreining um umfang, markmið og leiðir til að rækja menntunarhlutverk safna. Óvissu sem megi rekja til vanþekkingar innan safna á þróun menntunarfræða svo sem kennslufræða og þekkingarfræði (AlmaDís, 2010, bls. 136). Hindranirnar eru sem sagt oft innan safnanna, í viðhorfum og hugmyndum starfsfólks allra sviða safnastarfsins.

Umræðuhópur um safnfræðslu á árlegri ráðstefnu safnafólks á Íslandi; *Farskóla safnmanna*, hafði yfir svipuðum hindrunum að kvarta árin 2005 og 2017. Þetta má glögg sjá í Farskólaskýrslum þessara ára (Anita Elefsen o.fl., 2017; Sigríður Sigurðardóttir, 2005). Árið 2005 voru það atriði eins og:

- fræðsla kemur of seint inn í sýningagerð,
- skortur á fagþekkingu og stefnumótun,
- of fáir starfsmenn og of mikið álag,
- áhugaleysi stjórnenda og annarra safnmanna,
- skortur á fjármagni og þróunarvinnu.

Safnfræðsluhópur 2017 talar um sömu og svipuð atriði:

- of fá stöðugildi og of mikið álag,
- skortur á endurmenntun og þjálfun starfsfólks,
- skilningsleysi og fordómar (svo sem yfirvalda, þeirra sem nota ekki söfnin),
- skortur á fjármagni,
- einangrun (landfræðileg, samfélagsleg, fagleg),
- samskipta- og tímaleysi,
- safnfræðsla kemur of seint inn í sýningagerð.

AlmaDís Kristinsdóttir hefur m.a. rannsakað menntunarhlutverk safna út frá sögu safnfræðslunnar innan Listasafns Reykjavíkur og kynnti hún niðurstöður þeirrar greiningar í erindi í Þjóðarspeglinum 2011. Hún tók viðtöl við einstaklinga sem starfað höfðu í safninu að fræðslumálum frá byrjun. Samkvæmt sumum þeirra varð ákveðinn „dauði“ í fræðslustarfinu þegar því var veitt í markvissari farvegi sem hentaði skólakerfinu betur (AlmaDís, 2011, bls. 20). Ég hnýt um þetta orðalag og velti fyrir mér hvort þeim hafi fundist það eiga við vegna þess að með straumlínulögun skólaheimsókna hafi sköpun og gleði vikið fyrir skipulagðri þjónustu.

AlmaDís skrifaði einnig greinina *Safnfræðsla – staða og (ó)möguleikar* sem birt var í tímariti Hugvísindastofnunar, *Ritinu*, ári áður, eða 2010. Þar segir AlmaDís:

Ef einungis er unnið út frá forsendum safna og sýninga er hætt við því að fagið safnfræðsla staðni og verði einungis þjónusta. Þjónusta krefst liðlegheita en ekki faglegrar nálgunar í kennslufræði eins og að taka mið af þroska eða áhuga safngesta. Safnfræðsla felst í fleiru en að miðla upplýsingum með ríkri þjónustulund. Leiðsögn og fræðsla á safni þarf að taka mið af þeim sem hennar njóta og þarf að miðast við það sem fyrir augu ber svo að safngestir verði ekki einungis þöglir áheyrendur eða viðtakendur heldur einnig virkir þátttakendur í mótun eigin þekkingar. (AlmaDís, 2010, bls. 145)

Þarna varar AlmaDís við því að ef söfn halda sig við það að veita fræðslu út frá sínum forsendum, án samtals við aðnjótendur, þá veikir það eitt og sér fagvitund um safnfræðslu

og smættar hana niður í veitta þjónustu. Í þessu samhengi er vert að geta þess að við Þjóðminjasafn Íslands var miðlunarsvið lagt niður árið 2019 og safnkennarar færðust þá undir rekstur og þjónustu, á svið sem nú nefnist fjármála- og þjónustusvið.<sup>4</sup> Þessi gjörningur gefur varnaðarorðum Ölmudísar óneitanlega aukið vægi. Annað sem hún brýnir í sömu tilvitnun er að faglegrar kennslufræðilegrar nálgunar sé þörf svo safnfræðsla standi undir nafni og viðkomandi gestum sé gefið tækifæri til að vera virkir í eigin lærdómsferli. AlmaDís lítur svo á að safnfræðsla sé „í raun skapandi fag og hreyfiafl“ og að kennslufræðilegur árangur safnfræðslu haldist í hendur við „skilning á því að nám í safni er skapandi“ (AlmaDís, 2020, bls. 28 – 29).

Hvað varðar kröfur um menntun á sviði kennslufræða og/eða kennslureynslu þegar starfsfólk er ráðið til að sinna fræðslu í söfnum langar mig að líta stuttlega til höfuðsafnanna þriggja, þar sem ég þekki best til. Náttúruminjasafn Íslands auglýsti eftir safnkennurum árið 2018 og aftur árið 2021 og gerði í seinna sinnið að skilyrði fyrir ráðningu að umsækjandi hefði kennsluréttindi. Safnið notar starfsheitið safnkennari eins og Þjóðminjasafnið en Listasafn Íslands gerir það ekki. Þar eru starfsheitin annars vegar fræðslufulltrúi og hins vegar verkefnisstjóri viðburða og fræðslu. Safnkennarar Þjóðminjasafnsins eru báðar kennaramenntaðar nú þegar ég hef lokið námi frá listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Hvorki Listasafn Íslands né Þjóðminjasafn Íslands hafa hingað til gert kröfu um kennaramenntun þegar auglýst er eftir starfsfólki safnfræðslu. Engu að síður eru þau sem hafa verið ráðin gjarnan með kennsluréttindi. Þjóðminjasafn Íslands var formlega gert að háskólastofnun á 150 ára afmæli safnsins 2013 og samstarfi safnsins við Háskóla Íslands er lýst í samningi þar um, sem síðast var endurnýjaður 2021.<sup>5</sup> Í gegnum ákvæði samningsins kemur krafa á safnið um fagleg skilyrði sem starfsfólk þess þarf að uppfylla til að kenna á námskeiðum háskólans, m.a. á Menntavísindasviði. Það verður áhugavert að fylgjast með því hvort kennaramenntun verði gerð að skilyrði þegar næst verður ráðið í stöðu safnkennara við Þjóðminjasafnið, nú eða Listasafn Íslands.

Í upphafi kaflans segist ég telja að safnfræðsla standi á tímamótum. Tímamótin felast í því að söfn eru að útvíkka möguleika nemenda á námi í söfnunum og í samvinnu við söfnin. Mörgum okkar sem störfum að safnfræðslu finnst ekki nóg að bjóða eingöngu heimsóknir þar sem tekið er á móti nemendum, þeim fært verkefnablað í hendur í lokin og þau svo

---

<sup>4</sup> Sjá niðurröðun starfsfólks á svið hér: <https://www.thjodminjasafn.is/starfsemi-safnsins/um-stofnunina/starfsfolk/>

<sup>5</sup> Sjá frétt um samninginn á vef HÍ hér: [https://www.hi.is/frettir/hi\\_og\\_thjodminjasafnid\\_halda\\_afraam\\_oflugu\\_samstarfi](https://www.hi.is/frettir/hi_og_thjodminjasafnid_halda_afraam_oflugu_samstarfi)

kvödd og halda sína leið aftur í skólann með kennara sínum. Vissulega hefur ýmissa leiða verið leitað til að gera fræðsluna ólíka náminu í kennslustofunni eins og ég minntist á í kafla 1.1. Til viðbótar má nefna að ýmis söfn hafa verkfæri fortíðar tiltæk fyrir nemendur að prufa handtökin við og fyrir 5. bekkjar nemendur í landnámsfræðslu lét Þjóðminjasafnið gera búningasett í anda víkingatímans fyrir allan bekkinn. En þarna vantar hina skapandi nálgun, sem nú er verið að innleiða í vinnu með nemendum, þar sem þeim er gefið rými til að vinna á sinn hátt úr því sem þau staldra við í safnheimsókn og oft er þeim einnig bókstaflega gefið rými í viðkomandi safni til að sýna afrakstur sinna skapandi rannsóknarferla, eins og dæmin í *Hugmyndahattinum* vitna um. Auðvitað hafa sumir kennarar í gegnum tíðina nýtt hinar hefðbundnu safnheimsóknir, þar sem nemendur þeirra eru teymdir í gegnum sýningar með smá uppbroti í lokin, til fjölbreyttrar, skapandi vinnu í skólastofunni. Hefð er fyrir því í mörgum skólum að nýta kennsluáðferðir sem leyfa börnum að beita óþrjótandi ímyndunarafla sínu og innsæi til að læra. Sjá má fjölmörg dæmi um efni sem styður kennara í þeirri viðleitni á vef Menntamálastofnunar og ég hef orðið þess áskynja í gegnum árin að þemavinna sem tengist heimsóknum í söfn hefur tekið á sig ýmsar myndir í skólastofunni.

Tími safnheimsókna þar sem passífir nemendur fá í hendur mismarkviss verkefnablöð er að líða undir lok.

### 1.3 Af hverju er safnfræðsla mikilvæg?

ICOM, Alþjóðaráð safna, eru gríðarstór samtök safna og safnafólks um víða veröld sem styðja við faglegt safnastarf, setja siðareglur og skapa umræðuvettvang inn á við á meðal safnafólks og út á við gagnvart samfélagnum í kring.<sup>6</sup> Árið 2004 gáfu samtökin út hagnýta handbók um rekstur safna og á meðal umfjöllunarefna er safnfræðsla í samhengi safnastarfs. Þar segir:

Til hvers eru söfn? Hver er tilgangur allrar þeirra vinnu sem fer fram við söfnun, varðveislu og sýningar á gripum? . . . Í raun er það allt undirbúningur fyrir að opna þekkingu innan safnsins og safneign fyrir almenningi, svo fólk á öllum aldri og með alls kyns bakgrunn fái hlutdeild í þekkingu og menningu. Þess vegna er mikilvægt að allt starf safnsins miði að því að þjóna almenningi og menntun þeirra.<sup>7</sup> (Þýðing mín og Önnu Leifar Auðar Elíadóttur).

<sup>6</sup> Sjá t.d. hér: <https://icom.museum/en/about-us/missions-and-objectives/>

<sup>7</sup> Texti á frummáli: What are museums for? What is the purpose of all the efforts in collecting, restoring and displaying objects? . . . In fact, this is undertaken in order to make the museum's knowledge and collections known to the public, to people of all ages and backgrounds, and to let them participate in knowledge and culture. Consequently it is important that every action of the museum should aim to serve the public and their education. (Brüninghaus-Knubel, 2004, bls. 119)

Í bók sinni, *Learning in the Museum*, ræðir George E. Hein um mikilvægi safnfræðslu í víðum skilningi. Umræðuna leiðir hann inn með því að lýsa upplifun gesta á söfnum. Margt fólk eigi minningar um einstaka upplifun á safni, jafnvel hugljómun. Upplifunin tengist oft því að uppgötva eitthvað nýtt eða að setja hluti í nýtt samhengi, sem sagt að læra eitthvað (Hein, 1998). Þau Hein og Brüninghaus-Knubel benda á mikilvægi safnfræðslu frá tveimur sjónarhornum; safninu sjálfu annars vegar og safngestinum hins vegar.

Frá sjónarhóli safngestsins felst fræðslan í einstakri námsupplifun. En fræðsla er líka ein aðalástæða þess að söfn eru til. Söfnum sem stofnunum var komið á fót í nútímaskilningi á 18. og 19. öld til að veita almenningi möguleika til þekkingaröflunar með því skoða muni sem raðað er upp eftir tilteknu kerfi og endurspegla náttúru, menningu eða listir (Hooper-Greenhill, 2007). Á sama tíma í sögunni stækkaði skólakerfið og uppfræðsla alls almennings var orðin markmiðið (Hein, 1998).

Þannig má segja um safnfræðslu að án hennar séu söfn í vissum skilningi til einskis – og – þau bjóða einstakt umhverfi fyrir manneskjur að hrífast, uppgötva eitthvað nýtt og byggja ofan á þekkingu sína með skynrænni upplifun í gegnum mörg skilningarvit.

Ég má til með að ljúka þessum kafla með tilvitnun í texta á heimasíðu Listasafnsins á Akureyri þar sem kennarar eru ávörpuð og gildi safnfræðslu tíundað með nemendum í huga:

Heimsóknirnar geta þjáfað þau í gagnrýnni hugsun, hlustun og tjáningu. Rannsóknir sýna að safnfræðsla skilar bestum árangri þegar nemendur koma á safnið með einhverjar hugmyndir um það sem þeir eru að fara að skoða, ná að tengja upplifun sína á safninu við eigin reynsluheim og vinna á skapandi hátt úr upplifun sinni í skólastofunni, að heimsókn lokinni, í formi verkefna, listsköpunar og/eða umræðna. Sköpun er talin afar mikilvæg í nýrri námsskrá, þar sem hún eykur ánægju, úrræði, víðsýni, vikkar sjóndeildarhringinn og opnar leiðir fyrir nýjar tengingar og möguleika. (Listasafnið á Akureyri, e.d.)

Þessi orð kjarna gildi safnfræðslu fyrir skólahópa mjög vel að mínu mati. Þarna er einnig dregið fram að ef vel á að vera hefst námsferlið í skólastofunni fyrir safnheimsóknina og unnið er úr reynslunni af henni á skapandi hátt til að ljúka ferlinu. Dæmin um safnheimsóknir í *Hugmyndahattinum* eru mörg af þessum toga.

## 2. Opinber stefnumörkun í mennta- og menningarmálum

Í þessum kafla sýni ég fram á hvernig stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga undanfarin ár hvetur eindregið til að söfn ræki menntunarhlutverk sitt af alvöru, að skólakerfið nýti sér skapandi nálgun í vinnu með nemendum og að börnum sé markvisst veitt hlutdeild í menningu og listum. Hvatt er til samvinnu á milli félaga, stofnana og skóla og að listræn tjáning barna fái rými hjá menningarstofnunum hins opinbera. Þannig má fullyrða að þau verkefni sem *Hugmyndahatturinn* lýsir séu studd gildandi stefnumörkun.

Um þessar mundir má segja að stefnum um menntun og menningarstarf rigni inn. Ný *Menningarstefna Íslands 2021-2030* hefur verið birt í drögum og Reykjavíkurborg og mörg önnur sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga eru með nýjar eða nýlegar menningarstefnur í höndum.<sup>8</sup> Safnaráð hefur gefið út *Stefnumörkun um safnastarf* sem menntamálaráðherra samþykkti í júní 2021 og vinnur ráðið nú að aðgerðaráætlun um innleiðingu stefnunnar. Í sama mánuði samþykkti ráðherra stefnu sem mótuð var undir stjórn Minjastofnunar Íslands undir heitinu *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi*. Árið 2018 samþykkti Reykjavíkurborg menntastefnu til 2030 og kallast hún *Látum draumana rætast*. Markvisst er unnið að innleiðingu stefnunnar á vegum Skóla- og frístundasviðs borgarinnar. Alþingi samþykkti stjórnartillögu um menntastefnu til ársins 2030 í mars 2021. *Samræmd safnastefna á sviði myndlistar* kom í fyrsta sinn út á vegum Listasafns Íslands 2021 en nokkuð er síðan Þjóðminjasafn Íslands gaf síðast út *Samræmda safnastefnu á sviði menningarminja*, árið 2017. Samræmd safnastefna á sviði náttúruminja hefur ekki litið dagsins ljós þegar þetta er skrifað.

Lítum nú á þessar stefnur og fleira sem varðar vilja hins opinbera með tilliti til samstarfs safna og skóla og gildis skapandi starfs með nemendum.

### 2.1 Menningarstefnur

*Menningarstefna Íslands 2021-2030* á að taka við af *Menningarstefnu* mennta- og menningarmálaráðuneytis frá árinu 2013 sem var fyrsta útgefna stefna ríkisins um málefni menningar. Strax þá var mikil áhersla lögð á samvinnu skóla og menningarstofnana í því augni að auka menningarlæsi barna og ungmenna og gefa þeim vettvang til þátttöku í

---

<sup>8</sup> Auk Reykjavíkur tek ég dæmi um stefnur Akureyrarbæjar, Fljótsdalshéraðs og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

menningarlífi á sínum eigin forsendum (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013b). *Menningarstefna Íslands 2021-2030* telst vera drög þegar þetta er ritað þar sem hún hefur ekki verið samþykkt. Þar er talað um að strax á fyrstu stigum skólagöngu skuli veita börnum „tækifæri á dýrmætri upplifun af listum og menningu“ sem verði þeim gott veganesti enda sé skilningur á menningararfinum ein forsenda þátttöku í samfélaginu. (Stjórnarráð Íslands, 2021, bls. 6). Stefnan er sömuleiðis afdráttarlaus um mikilvægi aðgangs barna að menningarstarfi og þátttöku þeirra í slíku starfi, auk samlegðaráhrifa skóla og stofnana hvað það varðar:

Skólar á öllum stigum gegna viðamiklu hlutverki í menningarlífi landsmanna, ekki síst í tengslum við barnamenningu, listfræðslu og eflingu á menningarlæsi. Í skólum fá nemendur gjarnan sína fyrstu upplifun af menningu og listum. Sú reynsla hefur mótandi áhrif á afstöðu þeirra til frambúðar og því mikilvægt að vandað sé til verka.

Fræðsluhlutverk menningarstofnana er mikilvægt og geta samlegðaráhrif menntakerfis og menningarstofnana verið mikil. (Stjórnarráð Íslands, 2021, bls. 7)

Eitt af átta markmiðum stefnudraganna heitir *Fræðsla og menningarlæsi*. Þar kemur fram að nemendur á öllum skólastigum eigi að fá fleiri tækifæri til að njóta menningar og lista og skólakerfið skuli stefna að fleiri heimsóknnum með nemendur í lista- og menningarstofnanir, enda veiti slíkar heimsóknir nemendum á öllum aldri mikilvægan þroska og upplifun (Stjórnarráð Íslands, 2021, bls. 8). Þá er miðlun á stafrænu efni gert hátt undir höfði í stefnudrögunum, bæði sem aðgengismáli og leiðar til að auka sýnileika og þar með vitund um menningararf landsins og mikilvægi hans (Stjórnarráð Íslands, 2021, bls. 6 – 7).

Menningarstefna Reykjavíkur 2021 – 2030, *List og menning í Reykjavík 2030*, ræðir ekki sérstaklega um samvinnu menningarstofnana við skólakerfið heldur vísar í frístunda- og menntastefnur fyrir frekari útlistun hvað það varðar. Í menningarstefnunni er gert ráð fyrir að söfn og menningarstofnanir hafi samráð um aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga og hópa með inngildingum og aðgengi að leiðarljósi (Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, 2021, bls. 13).

Ég leit af handahófi á þrjár menningarstefnur af landsbyggðinni; frá Akureyrarbæ, Fljótshálfshéraði og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Í þeim öllum er talað um samvinnu safna og menningarstofnana við skólakerfið og áhersla lögð á skapandi greinar. Stefna Akureyrarbæjar átti að gilda til 2018 en hefur ekki verið endurnýjuð. Þar segir: „Til verði fastmótuð kennsluáætlun með samvinnu safna, annarra menningarstofnana og skólanna með áherslu á grenndar- og átthagafærni í þeim tilgangi að fræða og að kynna möguleika grenndar- og safnafræðslu“ (Akureyri, e.d., 5. hluti). Á grundvelli



menntastefnunnar hefur bæjarstjórn Akureyrar nú samþykkt safnastefnu 2022 – 2026. Í henni er reyndar ekkert minnst á ofangreinda kennsluáætlun en þar er talað um samvinnu safna og skóla og að styrkja eigi kennslu og nám inni á söfnum og þau sögð þjónustustofnanir við menntun barna og unglínga (Akureyrarbær, 2021, bls. 9 – 10). *Menningarstefna Vesturlands 2021 – 2024* hefur menningaruppeldi að einu yfirmarkmiðanna. Menningarfræðsla og kennsla í fjölbreyttum listgreinum skuli fléttast inn í reglubundið skólastarf m.a. með því að unnið sé að menningar- og áttahagafræði í skólum í gegnum samstarf við söfn, menningarstofnanir og atvinnulíf (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, e.d., bls. 8 – 9). *Menningarstefna Fljótshéraðs* skiptist í þrjá áherslukafla og einn þeirra er um menningaruppeldi. Þar er m.a. rætt um samstarf skólastofnana sín á milli og við lista- og fræðafólk, að verk nemenda skuli reglulega sýnd í Menningarmiðstöð héraðsins, að menningarstofnanir vinni árlega fræðslu- og viðburðaáætlun ætlaða skólabörnum og síðast en ekki síst er sérstaklega nefnt að: „Söfn og skólastofnanir starfi saman með heimsóknum, verkefnum og safnakennslu“ (Fljótshérað, 2019, hlutinn Menningaruppeldi, Leiðir).

Það er varla hægt að hugsa sér skýrari grunn, en birtist í þessum menningarstefnum af landsbyggðinni, að verkefnum eins og þeim sem *Hugmyndahatturinn* fjallar um enda eru mörg þeirra frá söfnum úti á landi.

## **2.2 Stefnur í málefnum safna og menningarstofnana**

Um hlutverk safna segir m.a. í safnalögum: „Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda“ (Safnalög nr. 141/2011). Sömu lög kveða á um að höfuðsöfnin þrjú skuli stuðla að samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Í nýjustu útgáfu Þjóðminjasafns Íslands (2017) á *Safnastefnu á sviði menningarminja* eru söfn hvött til að leggja alúð og metnað í safnfræðsluna og taka mið af þörfum ólíkra hópa gesta sem sækja fræðslu til safnsins, t.d. út frá ólíkum bakgrunni, aldri eða skólastigi. Í stefnunni er safnfræðslan felld undir markmið um að samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi. Þar segir: „Söfn eru til fyrir samfélagið og safnastarfið miðar að því að koma til móts við þarfir þess“ (Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 12). Í hverju samfélagi er skólakerfið fyrirferðarmikið og veitir stórum hluta íbúa athvarf og aðstæður til að ná þroska og skilningi. Samvinna við skólakerfið er því kjörinn vettvangur fyrir söfn að rækja samfélagslegt hlutverk sitt.

Samkvæmt Safnalögum (nr. 141/2011) skulu viðurkennd söfn á Íslandi starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna. Menntunarhlutverk safna er þar dregið saman á eftirfarandi hátt:

Söfnum ber sérstaklega skylda til að rækta menntunarhlutverkið í starfi sínu og laða til sín fjölbreytta safngesti úr því samfélagi, héraði eða samfélagshóp sem hvert safn þjónar. Samskipti við þetta samfélag og ræktarsemi við arfleifð þess er samofið menntunarhlutverki hvers safns. (ICOM, 2015, bls. 18)

Sjá má af þessu að *Safnastefna á sviði menningarminja* tekur mið af þessari grein siðareglanna þar sem talað er um samfélagslegar skyldur safna í sömu andrá og menntunarhlutverk þeirra.

Í *Samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar 2021* sem Listasafn Íslands (2021) gaf út fjallar eitt af sjö markmiðum um menntunarhlutverk listasafnanna. Þar er beinlínis rætt um samstarf við skóla og listasöfn sögð gegna þýðingarmiklu menntunarhlutverki við hlið hefðbundinna menntastofnana. Rætt er um hlutverk safnanna í að uppfylla markmið námskráa allra skólastiga, áherslu á aukna þátttöku barna og ungmenna í starfseminni, m.a. í gegnum hefðbundið skólastarf, að aðbúnaður safna eigi að koma til móts við þarfir nemenda og að þróa eigi nýjar leiðir til fræðslu og miðlunar gagnvart skólum samhliða því að halda áfram hefðbundnu samstarfi við skóla. Þrisvar er minnst á stafræna miðlun og tækifærin sem felast í henni bæði á sviði óformlegrar menntunar og gagnvart skólakerfinu.

Bersýnilegt er að mun meiri áhersla er á samstarf við skóla í safnastefnu á sviði myndlistar en þeirri á sviði menningarminja. Um það bil fjögur ár ber á milli í útgáfu þeirra. Ég vona að eindregin áhersla á námskrár, aðbúnað fyrir nemendur og samtal og samvinnu við skóla í myndlistarstefnunni beri vott um að staða safnfræðslu fyrir skólahópa og fagvitundin í kringum safnfræðslu sé að styrkjast og þróast í rétta átt innan allra safna og á meðal stjórnenda þeirra. Náttúruminjasafn Íslands, þriðja höfuðsafnið, hefur enn ekki gefið út samræmda safnastefnu á sínu sviði þegar þetta er ritað. Forvitnilegt verður að sjá hversu mikla áherslu væntanleg stefna á sviði náttúrminja mun leggja á safnfræðslu fyrir skóla.

*Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi* var unnin í samráði stofnana ráðuneytisins sem fást við menningararfinn á einhvern hátt, m.a. höfuðsafnanna. Þar eru tengsl menningar- og menntastofnanna meðal fjögurra stöðna stefnuáherslnanna. Kallað er eftir því að menningararfurinn sé fléttuður inn í menntun og námskrár á fjölbreyttan hátt á öllum skólastigum um leið og aðgengi nemenda á öllum aldri, og þar af leiðandi með ólíkar þarfir, að menningararfinum sé styrkt (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021, bls. 17). Það er jákvætt að sjá þetta ákall um að menningararfurinn sé gerður sýnilegur í

námskrám því raunin er sú að varla er minnst á söfn í gildandi *Aðalnámskrám* eins og ég kem betur að síðar í kaflanum. Áhugavert er að sjá í stefnunni ákall um að menningarstofnanir hafi nægar bjargar og aðstöðu til að sinna menntakerfinu. Þetta ákall lítur væntanlega að fjármagni, stöðugildum og fagmennsku og leiðir hugann að niðurstöðum funda safnfræðsluhópa á Farskóla safnmanna, sem ég geri að umræðuefni í kafla 1.2, og lúta að veikri stöðu safnfræðslu innan safna á Íslandi.

Eitt hlutverka Safnaráðs er að úthluta styrkjum til safna sem sækja um fjármagn til sérstakra verkefna og má sjá á listum ráðsins yfir styrkþega að nokkru fé er veitt til fræðsluverkefna. Höfuðsöfnin þrjú voru til samráðs um stefnumörkun ráðsins um safnastarf. Að mínu mati er sá kafla stefnunnar sem fjallar um söfn og menntun vandaður og ber vitni um skilning á mikilvægi þessa þáttar safnastarfs. Meginmarkmið kaflans er: „Að efla fræðslu- og menntunarhlutverk safna“ (Safnaráð, 2021, bls. 12). Fjórar leiðir að meginmarkmiðinu eru tífundaðar:

- 1) að leggja áherslu á að safnfræðslan sé fagleg og gæði hennar tryggð,
- 2) að samstarf við menntakerfið sé öflugt,
- 3) að tenging safna við háskóla- og fræðasamfélagið sé öflug,
- 4) að nýta stafrænar leiðir í fræðslu og miðlun.

Í stefnunni er rætt um að söfnin veiti óformlega fræðslu en að þau hafi hlutverki að gegna í menntakerfinu, innan allra skólastiga og líka frístundastarfs. Tækifæri felist í að tengja safnfræðslu hæfniviðmiðum í námskrám en einnig að hlutverk safna megi vera skýrara þar. Stafrænar leiðir feli í sér ýmis tækifæri til að færa fræðslu og miðlun safnanna út fyrir veggja þeirra og ná til breiðari hóps. Minnst er á bætt aðgengi í gegnum stafræna miðlun (Safnaráð, 2021, bls. 12).

Safnaráð setur alvöru og þunga í markmið um fræðsluhlutverk safna sem endurómar í *Samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar 2021*. Það hvað safnfræðsluhlutinn er rýr í *Safnastefnu á sviði menningarminja* sem kom út 2017 hlýtur að benda til að sú stefna sé orðin úrelt enda fimm ár liðin frá útgáfuári þegar þetta er skrifað. Þar sem höfuðsöfnin voru til samráðs um stefnumörkun Safnaráðs ætti hún að endurspegla vilja stjórnenda höfuðsafnanna allra þriggja. Sjálf er ég sátt við rýmið sem safnfræðsla fær í árgamalli stefnumörkun Safnaráðs og finnst hún hvetjandi fyrir starfsfólk safna sem sinnir safnfræðslu.

Annað sem dregur fram hversu tímabært er að uppfæra *Safnastefnu á sviði menningarminja*, hvað safnfræðsla varðar a.m.k., er að orðið „stafrænt“ kemur ekki fyrir í nokkurri mynd í allri stefnunni. Stafræn fræðsla og miðlun fær talsvert rými í nýrri stefnuskjölum hins opinbera.

Einstök söfn geta svo sett sér sína eigin safnfræðslustefnu innan ramma samræmdar safnastefnu á sínu starfssviði og stefnumörkunar Safnaráðs, en algengara er að þau setji einfaldlega fram stuttan almennan kynningartexta um fræðslu fyrir skólahópa auk lýsingar á í hverju tilboðin til skóla felast. Eina stefnan sem Safnaráð setur sem skilyrði fyrir því að safn öðlist viðurkenningu er söfnunarstefna. Kröfur um faglegt starf í skilyrðum fyrir viðurkenningu lúta að söfnun, skráningu og varðveislu. Ekki er minnst á fræðslu og orðið miðlun kemur einu sinni fyrir (Safnaráð, 2013). Eini beini lagalegi þrýstingurinn á að söfn sinni fræðslu er grein bæði í Safnalögum og í reglugerð um viðurkenningu safna þar sem segir að söfn skuli veita skólanemum í skipulögðum námsferðum ókeypis aðgang (Reglugerð um viðurkenningu safna nr. 900/2013; Safnalög nr. 141/2011). Þarna er reyndar aðeins minnst á aðgang en ekki að veita skuli skólahópunum fræðslu. Eins og ég nefni hér að framan kveða löggin að vísu einnig á um að viðurkennd söfn skuli starfa eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna þar sem minnst er á menntunarhlutverk safna. En þessi rammi sem löggjafinn setur söfnum er varla í samræmi við stefnumarkannir um fræðslustarf safna og skýrir þetta misræmi kannski að nokkru leyti hvers vegna sérhæft safnfræðslustarfsfólk er sjaldséð í minni söfnum og almennt veika stöðu safnfræðslunnar innan safna. Áherslan er á safnkostinn og líklega eiga mörg söfn fullt í fangi með að halda utan um hann miðað við þann mannafla og það fjármagn sem þau hafa úr að spila. Að mínu mati verður það starfsfólk sem sinnir fræðslunni á söfnum engu að síður að eiga frumkvæði að ígrundaðri fræðslustefnu sem sýnileg er á heimasíðu safnsins og allt starfsfólk þess er meðvitað um. Stjórnendur safna þurfa að hafa skýra sýn á fræðslu og miðlun og veita þessum þáttum sess í áætlunum og innra starfi. Þannig má e.t.v. auka fagmennsku og virðingu fyrir fræðslustarfinu innan og utan safns.

### **2.3 Menntastefnur**

Ýmislegt bendir til að innan menntakerfisins á Íslandi sé í auknum mæli verið að leggja áherslu á skapandi vinnu með nemendum á öllum skólastigum. Áhersla er um leið að aukast á þverfaglega samvinnu og teymiskennslu. Námsbrautin sem ég hef stundað

kennslufræðinám mitt við hjá Listaháskóla Ísland var sett á stofn árið 2019 og miðar að því að útskrifa kennara sem munu nota aðferðir skapandi greina í skólastarfi án þess að vera sjálf menntuð í listum og án þess að vera að stefna að kennslu listgreina. Orðrétt segir um markmið námsbrautarinnar á vef listkennsludeildar: „Markmiðið er að bjóða nám þar sem hópur fólks úr ólíkum fræðigreinum vinni í þverfaglegu samtali að þróun kennslu með áherslu á aðferðir lista með sem víðtækustum samfélagslegum og hugmyndafræðilegum skírskotunum“ (Listaháskóli Íslands, e.d.). Það ætti því ekki að koma á óvart að handbókin sem ég hef valið að vinna að sem lokaverkefni við deildina er einmitt í þessum anda. Ég lyfti í henni verkefnum sem eru þverfagleg samvinnuverkefni safna og skóla, og stundum fleiri aðila samfélagsins, þar sem nemendur fá að vera skapandi í námsferlinu.

Lítum á fleiri dæmi um þróun í átt að skapandi og þverfaglegri vinnu með nemendum.

### **2.3.1 Greining Anne Bamford á stöðu list- og menningarfræðslu á Íslandi**

Menntunarfræðingurinn Anne Bamford hefur unnið á alþjóðavettvangi að stefnumótun í menntamálum með þá hæfni sem framtíðarsamfélagið kallar á að leiðarljósi (FED – The Foundation for Education Development, 2019). Menntamálaráðuneytið fól henni að stýra viðamikilli úttekt á stöðu list- og menningarfræðslu á Íslandi á árunum 2008 – 9. Skýrsla hennar kom út á íslensku árið 2011 og snertir á mörgu sem varðar þau áhersluatriði sem ég hef áhuga á í samhengi við *Hugmyndahattinn* (Bamford, 2011). Greining hennar byggist á nokkrum viðmiðum um gæði sem eiga jafnt við menntun í listgreinum og þegar listrænar aðferðir eru notaðar í almennri kennslu en það er einmitt mikilvægt að hafa í huga að skapandi starf með nemendum er alls ekki einskorðað við listgreinarnar sjálfar.

Gæðaviðmiðin skv. Bamford (2011, bls. 70 – 71) eru:

- Virk samvinna skóla og listastofnana/samtaka og á milli kennara, listamanna og samfélagsins.
- Dreifð ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati.
- Tækifæri til að koma fram opinberlega - flytja, sýna, kynna.
- Samþætting listgreinakennslu og skapandi/listrænnar nálgunar í námi og kennslu almennt (menntun í gegnum listir).
- Hlúð sé að gagnrýnu mati, krefjandi verkefnum og hvatt til áráðni.
- Almenn áhersla á samvinnu.
- Sveigjanlegt skólakerfi og sveigjanleg mörk á milli skóla og á milli skóla og samfélags.
- Áhersla á að öll börn njóti og hafi aðgang að listfræðslu.
- Nákvæm útfærsla á að nám, upplifanir og þroski barna sé metinn og því mati sé komið á framfæri með viðeigandi hætti.

- Virk endur- og símenntun fyrir kennara, listamenn og almenning.

Í skýrslunni tekur hún síðan fyrir þessi atriði eitt af öðru og greinir frá athugunum sínum, hvað sé gert vel og hvað megi bæta. Ég hef sérstakan áhuga á greiningu hennar á samvinnu skóla við utanaðkomandi aðila. Hún segir að talsvert vanti upp á að möguleikarnir á samstarfi séu nýttir. Hún hvetur til aukinnar samvinnu, að unnið verði að langtímasamstarfi milli menntakerfis og menningargeirans og að þróa eigi hlutverk menningarstofnana í listfræðslu í skólum (Bamford, 2011). Allt atriði sem söfn og grunnskólar geta tekið til sín enda sýnist mér að það hafi þessar stofnanir margar hverjar einmitt gert og dæmi í *Hugmyndahattinum* vitna um árangur af starfi í þessa veru.

Eitt atriðanna á listanum lýtur að mikilvægi þess að gefa nemendum tækifæri til að enda námsferlið með kynningu sem sýni ferlið. Kynningin geti verið einhvers konar flutningur eða sýning. Bamford er ekki að meina kynningu í skólastofnunni heldur á opinberum vettvangi sem kalli á vönduð vinnubrögð og æfi nemendur í að koma fram (Bamford, 2011). Söfn eru slíkur opinber vettvangur og ættu að mínu áliti oftast að gefa afurðum nemenda pláss á sérstökum viðburðum tengdum námsferlum þar sem safnið kemur við sögu. Mörg dæmanna í *Hugmyndahattinum* innihalda viðburð tengdum afurðum nemenda og veita innblástur í þessa átt.

Önnur atriði í upptalningunni fjalla m.a. um skapandi aðferðir í námi sem Bamford segir að þurfi að nota meira í öllum kennslugreinum í skólum. Hún hvetur til sveigjanlegrar, rannsóknarmiðaðrar nálgunar þar sem svigrúm er fyrir skapandi hugsun og hvatt til gagnrýnninnar hugsunar (Bamford, 2011).

Áhrifa skýrslu Bamford gætir í þeim stefnum sem ég fjalla um hér að ofan og þeirra sér einnig merki í þeim stefnum sem ég fer yfir hér á eftir. Höfum í huga að öll atriðin sem Bamford fjallar um lúta að gæðum formlega menntakerfisins með þroska nemenda og framtíð þeirra og samfélagsins í fyrirrúmi. Söfnum, sem menningarstofnunum í óformlega menntakerfinu, ber að mínu mati að leggja sitt af mörkum svo þessum gæðaviðmiðum verði náð enda er samvinna skóla og menningarstofnana skrifuð inn í skýrslu hennar.

### **2.3.2 Látum draumana rætast, menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030**

Svo virðist sem skýrsla Anne Bamford hafi haft þó nokkur áhrif innan menntakerfisins. Menntastefna Reykjavíkur *Látum draumana rætast* (Reykjavíkurborg (Skóla- og frístundasvið), e.d.), sem samþykkt var 2018, endurómar sterklega þau atriði sem Bamford leggur áherslu á að verði eflað. Stefnan hefur að leiðarljósi að barnið sé virkur þátttakandi í

eigin menntun og vísar til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í því samhengi. Hvað stofnanir menntakerfisins varðar er leiðarljósið að skóla- og frístundastarf einkennist af fagmennsku og samstarfi. Þar segir: „Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar“ (Reykjavíkurborg (Skóla- og frístundasvið), e.d., hlutinn Fagmennska og samstarf í öndvegi). Menntastefnan grundvallast á fimm þáttum: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði, allt atriði sem lúta að færni, þroska og velferð nemenda og veganesti þeirra til framtíðar „í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs“ (Reykjavíkurborg (Skóla- og frístundasvið), e.d., hlutinn Meginmarkmið).

Vorið 2021 var haldin ráðstefna á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands undir yfirskriftinni *MenntaStefnumót*. Ráðstefnan var hugsuð sem „uppskeruhátíð þess nýsköpunar- og þróunarstarfs sem unnið hefur verið að í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar á fyrstu þremur árum innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur“ (Reykjavíkurborg, e.d.). Kynnt voru um hundrað verkefni frá skólum og frístundaheimilum í Reykjavík, ásamt samstarfsaðilum þeirra, sem öll endurspeglu nýju menntastefnuna, þ.e.a.s. þemavinnu, teymiskennslu, samþættingu námsgreina, smíðjur þar sem nemendur móta nálgun sína, vettvangsferðir og útinám, þverfaglega nálgun, samstarf við vísindasamfélagið og menningarstofnanir og um fram allt skapandi vinnu og úrvinnslu nemenda.

Gildandi menntastefna í höfuðborginni er hér tekin sem dæmi um opinbera stefnu í menntamálum á sveitarstjórnarstigi en engum blöðum er um að fletta að þessi hugsjón sköpunar, samþættingar og þverfagleika ryður sér þessi misserin til rúms um allt land. Hægt er að fá nasasjón af því góða starfi sem unnið er í skólum landsins á síðunni *Skólaþróunarspjallið* á Facebook. Þar deila kennarar vel heppnuðum verkefnum og spyrja ráða í sinni viðleitni að meira nemendamiðuðu og skapandi námi. Ábyrgð á síðunni er í höndum *Samtaka áhugafólks um skólaþróun* sem einnig halda úti tímaritinu *Skólaþræðir*. Samtökin voru stofnuð 2005 og eru fyrir þau sem „áhuga hafa á að efla þátt fjölbreyttra kennsluáðferða, skapandi viðfangsefna, teymiskennslu, heildstæðrar kennslu, samvinnunáms, nemendamiðaðs náms og fjölbreytts námsmats“ (Skólaþræðir, e.d.). Líta má á þessi samtök sem eins konar grasrótarsamtök sem þó eru aðallega skipuð fólki sem lifir og hrærist í skólakerfinu og vinnur að umbótum þess innan frá, bæði sem kennarar nemenda á barnsaldri og sem kennarar innan háskóla sem mennta kennara.

### 2.3.3 Íslensku menntaverðlaunin

Til þess að undirstrika að þróunin í átt að gæðaviðmiðunum sem Anne Bamford setur fram í skýrslu sinni er raunveruleg og studd af opinberum aðilum, langar mig að benda á að *Íslensku menntaverðlaunin* voru endurvakin 2020 en þau veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi skólastarf, menntaumbætur og þróunarverkefni. Að verðlaununum standa háskólarnir sem útskrifa kennara og ýmis félög og stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem koma að rekstri, rannsóknum og þróun skólastarfs, auk áður nefndra *Samtaka áhugafólks um skólaþróun* (Samtök áhugafólks um skólaþróun, e.d). Verðlaunin falla í skaut kennurum, skólum og öðrum vettvöngum í menntageiranum þar sem ástundað er skapandi starf með nemendum, að nálgast viðfangsefni þverfaglega, að færa nemendum aukna ábyrgð á námi sínu og að samþætta formlegt og óformlegt menntakerfi, svo það helsta sem einkennir verðlaunahafa undanfarin tvö ár sé nefnt.

### 2.3.4 Ríkið: Menntastefna fyrir árin 2021–2030 og Aðalnámskrá

Menntastefna ríkisins til ársins 2030 (þingskjal nr. 1111/2020–2021) tekur til margra þátta sem varða innviði og umgjörð menntamála í landinu en hún tekur einnig til inntaks menntunar, þ.m.t. læsis og sköpunar og gagnrýnnar hugsunar. Í greinargerð með stjórnartillögu að menntastefnunni (þingskjal nr. 310/2020–2021) er læsi er sagt vera lykill að lífsgæðum og endurspegla þá hæfni að skynja og skilja umhverfi, náttúru og samfélag sem sé forsenda gagnrýnnar hugsunar og vilja til þátttöku í mótun samfélagsins. Sköpun skuli vera fléttuð inn í allt skólastarf „til að stuðla að persónulegum þroska, frumkvæði og nýsköpun“ (þingskjal nr. 310/2020–2021, hluti C.6.). Gagnrýnni hugsun og sköpun skuli teflt saman til að efla sjálfstætt gildismat, að sjá samhengi ólíkra niðurstaðna og hvetja til þátttöku í samfélagslegri umræðu. Í september 2021 kom út aðgerðaáætlun fyrir fyrstu þrjú ár gildistíma menntastefnunnar, árin 2021 – 2024, svo ætla má að innleiðing hennar sé hafin.

Stefna ríkisins í menntamálum birtist einnig í *Aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla*. Gildandi námskrár tóku gildi 2011, tveimur árum eftir að greining Anne Bamford á stöðu list- og menningarfræðslu var gerð. Gildandi námskrár hafa að leiðarljósi sex grunnþætti menntunar sem eiga að fléttast inn í allt skólastarfið. Þeir eru: læsi – sjálfbærni – heilbrigði og velferð – lýðræði og mannréttindi – jafnrétti – sköpun (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 16).



Grunnþættirnir taka mið af ýmsum lögum, reglugerðum og stefnum ríkisins auk alþjóðasamninga og stefnu alþjóðlegra samtaka sem Ísland er aðili að, svo sem *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og stefnumörkun UNESCO og Evrópuráðsins um ofangreind atriði. Tilgangur þeirra er útskýrður með þessum orðum:

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 16)

Grunnþættirnir snúa þannig bæði að þroska og menntun einstaklingsins og að samfélaginu sem hann svo tekur þátt í og mótar. Kjarni þeirra, þ.e. læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, hljómar eins og boðskort til menningarstofnana um að vera með og koma í samstarf við skólana. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir að hefð sé komin á að kennarar nýti söfn í kennslu er ekki mikið minnst á söfn í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Höfuðsöfnin koma aldrei fyrir í texta og aðeins á tveimur stöðum í öllu ritinu er nefnt í framhjáhlaupi að nýta megi söfn í heimildaleit annars vegar og til að nemendur í náttúrugreinum æfist í að gera athuganir hins vegar (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 38 og 177). Það verður að teljast undarlegt að menntastofnanirnar sem söfnin eru fái ekki rými í *Aðalnámskrá* og vonandi stendur það til bóta við endurskoðuðun hennar. Það má velta því fyrir sér hvort þetta stafi að einhverju leyti af veikri stöðu fræðslumála innan safnastarfs, sem nú er vonandi að styrkjast.

Auk grunnþátta menntunar á svokölluð „lykilhæfni“ einnig að fléttast inn í allt starf með nemendum í grunnskóla, skv. *Aðalnámskrá*. Lykilhæfnin snýr að alhliða þroska og getu nemandans og tekur til eftirfarandi fimm hæfnisviða (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 86):

- tjáning og miðlun
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna
- nýting miðla og upplýsinga
- ábyrgð og mat á eigin námi.

Hæfni á þessum sviðum má þjálfa með heimsóknnum á söfn að því gefnu að nemendum sé þar gefið rými fyrir sjálfstæða athugun, hópastarf, greiningu á eigin forsendum, skapandi úrvinnslu og miðlun og tjáningu á niðurstöðum sínum á máta að eigin vali (Hein 1998;

Hooper-Greenhill, 2007). Söfn eiga tvímælalaust að taka tillit til þessara krafna *Aðalnámskrár* við mótun fræðsluleiða fyrir nemendur í söfnunum og gera það sjálfsagt mörg nú þegar. Samvinna við grunnskólakennara er sóknarfæri þegar kemur að því að starfa eftir *Aðalnámskrá* þar sem þau í skólunum gera það í sínu daglega starfi.

## 2.4 Áhersla á barnamenningu

Undanfarinn áratug eða svo hefur starfsfólk menningarstofnana fundið fyrir hvatningu frá yfirvöldum til að taka þátt í að gera barnamenningu hátt undir höfði og að gefa börnum tækifæri til að vera virkir neytendur, gerendur og þátttakendur í menningarlífi í landinu. Þessi áhersla kemur samhliða löggildingu *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* hér á landi 2013, en sáttmálinn var upprunalega samþykktur árið 1989. Barnasáttmálinn fjallar um mannréttindi barna, meðal annars að hlusta beri á raddir þeirra og þeim séu búnar aðstæður til að þroskast og menntast svo sem með tækifærum til að taka þátt í menningar- og listalífi (*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*, e.d.).

Í kjölfar útgáfu fyrstu menningarstefnu ríkisins árið 2013 kom *Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna 2014 – 2017*. Áætlunin var metnaðarfull, með ótal tímasettum atriðum sem hrinda átti í framkvæmd. Hún snerist um að auka fagmennsku á sviði lista og menningar sem hugsuð er fyrir börn og ungmenni, eða unnin í samstarfi við þau, og auka sýnileika og vægi þess starfs hjá ríkisreknum menningarstofnunum. Í áætluninni er vitnað til skýrslu Anne Bamford og mikilvægi listgreina í skólum undirstrikað. Einnig er hvatt til átaks í að þjálfa kennaranema og starfandi kennara í skapandi kennsluáðferðum, listum og menningarlæsi (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Önnur tveggja kjarnahugmyndanna í aðgerðaráætluninni var stofnun list- og menningarveitu fyrir grunnskóla á landsvísu. Í framhaldi var verkefnið *List fyrir alla* sett á fót á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en starfsemin snýst aðallega um að velja listviðburði fyrir börn og með börnum úr innsendum umsóknum og senda í skóla. Á heimasíðu *Listar fyrir alla* má nálgast fleira sem grunnskólakennarar um allt land geta nýtt sér, svo sem stafrænt efni og hugmyndir að kennslustundum um listir eða með aðferðum lista auk kynningar frá menningarhúsum í öllum landshlutum á því sem þau bjóða börnum á grunnskólaaldri (*List fyrir alla*, e.d.). *List fyrir alla* fær sess í *Hugmyndahattinum* í kafla um veflægt efni sem grunnskólakennarar geta sótt í skapandi og þverfaglegar hugmyndir.

*Barnamenningarsjóður* var settur á laggirnar á fullveldisafmæli þjóðarinnar 2018 og veitir árlega í fimm ár 100 milljónum í styrki (þingskjal nr. 1364/2017 – 2018). Við mat á umsóknum skal skv. Reglum um úthlutun styrkja úr Barnamenningarsjóði Íslands (2019) horfa til þessara sjónarmiða:

Verkefni styðji fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Verkefni, sem auk ofangreindra þátta, stuðla að lýðræðislegri virkni barna í samfélaginu eða taka að öðru leyti mið af inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa sérstakt vægi. Einnig þau verkefni sem unnin eru í nánú samstarfi tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka.

Söfn hafa verið ötul að sækja um í sjóðinn en einungis er veitt fé til verkefna með upphafs- og endadagsetningu en ekki til kjarnastarfsemi svo sem innviðaupbyggingar eða reglubundinnar dagskrár, sbr. reglur sjóðsins. Hvatt er til þess að verkefni séu samvinnuverkefni á milli tveggja eða fleiri aðila og er þetta atriði frekar útskýrt á heimasíðu sjóðsins þannig að ekki sé átt við að eins stofnanir (skóli og skóli eða safn og safn) eigi samstarf heldur að ólíkir aðilar taki höndum saman (Rannís, e.d.). Þegar listi yfir styrkþega undanfarin þrjú ár er skoðaður sést að aðeins tveir grunnskólar eru þar nefndir (sjá undir „Úthlutunir“ á sömu vefsíðu). Þarna er því augljóst sóknarfæri fyrir skapandi samvinnuverkefni grunnskóla og safna í þágu nemenda, en frumkvæðið getur hvort heldur sem er komið frá safninu eða grunnskólanum. *Hugmyndahatturinn* getur orðið kveikja að samtali þar á milli. Fimm ára líftími Barnamenningarsjóðs tekur enda árið 2023 en við úthlutunarathöfn hans í maí 2021, sem ég var viðstödd, ýjuðu bæði forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að því að sjóðurinn yrði látinn lifa ótímabundið. Það er vert að fylgjast með því hvort svo verði.

Í samhengi þessa undirkafla, þ.e. áherslu á barnamenningu, langar mig að draga fram eftirfarandi klausur úr menningarstefnum ríkis og Reykjavíkurborgar sem ég fjallaði um hér að framan. Í *Menningarstefnu Íslands 2021–2030* (drög) segir beinlínis að börn og ungmenni hafi forgang að íslensku menningarlífi (Stjórnarráð Íslands, 2021, bls. 6). Í *List og menning í Reykjavík 2030. Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021–2030* stendur: „Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á barnamenningu og að öll börn í Reykjavík taki þátt í og hafi aðgang að menningu og listum“ (Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, 2021, bls. 13).

Barnamenningarhátíðir eru nú orðið haldnar árlega í borgum, bæjum og landshlutum hringinn í kringum landið en Reykjanesbær og Reykjavík riðu á vaðið, - Reykjanesbær strax 2006 með hátíð sem nefnist *Listahátíð barna* og *Barnamenningarhátíð* í Reykjavík var fyrst haldin 2010 (Ingibjörg Hannesdóttir, 2010, bls. 90 – 91). Barnamenning á líka

sess í öðrum menningarhátíðum svo sem *Vetrarhátíð* og *Menningarnótt* á höfuðborgarsvæðinu þar sem söfnin hafa verið virkir þátttakendur.

Það þarf varla frekari vitnanna við um áherslu hins opinbera á barnamenningu og málefni barna almennt, en auk ofangreinds má nefna að í upphafi árs 2019 var embættistitli ráðherra í félagsmálaráðuneyti breytt í félags- og barnamálaráðherra og á svipuðum tíma tóku gildi lög sem skylduðu *Umboðsmann barna* til að standa fyrir barnþingi annað hvert ár (Félagsmálaráðuneytið, 2021, bls. 7; Lög um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna nr. 148/2018).

### 3. Kennslufræðilegir þættir


Nú er komið að því að huga að kennslufræðinni að baki safnfræðslunni. Í kafla 1.2. ræddi ég veika stöðu safnfræðslunnar innan safna og rýra fagvitund um og innan greinarinnar sem meðal annars hefur verið sögð tengjast lítilli þekkingu á kenningum í kennslufræði meðal safnafólks. Þessi skortur á sérhæfðu starfsfólki og skilningi á hvað vandað fræðslustarf felur í sér hefur verið þó nokkuð til umræðu innan safnafræði, sjá t.d. Talboys (2005). Söfn eru menntastofnanir og því er nauðsynlegt að líta til menntunarfræða þegar rætt er um fræðslu á þeirra vegum.

#### 3.1 Kenningar í kennslufræði í samhengi safna

##### 3.1.1 Kennslufræðimódel Hein

Hein (1998) skýrir hvernig ólíkar kennslufræðilegar hugmyndir tengjast afstöðu til námskenninga annars vegar og hugmynda innan þekkingarfræði hins vegar. Hann vill með skýringum sínum undirstrika mikilvægi þess að fagfólk innan safna taki meðvitaða afstöðu til þess hvers konar hugmyndafræði það aðhyllist og geri sér jafnframt grein fyrir hvers konar safnfræðslu hugmyndafræðin kallar á.

**Mynd 1:** Menntakenningar Hein, íslenskun AlmaDís Kristinsdóttir (2010, bls. 148).



Á skýringarmyndinni<sup>9</sup> hér að ofan raðar Hein heimspekikeningum um eðli þekkingar upp og niður eftir y-ási (lóðrétt). Á öðrum endanum er sá skilningur að sannleikurinn tilheyrir raunheiminum og sé fyrir utan manneskjuna, óháður hugmyndum eða skynjun hennar. Á hinum enda ássins er sá skilningur að öll þekking búi í huga manneskjunnar og eigi sér ekki endilega samsvörun í neinu fyrir utan. Hein (1998, bls. 17 – 18) er hér kominn með ás þar sem raunhyggja er yst öðrum megin og hughyggja yst hinum megin. En þar á milli eiga ýmsar kenningar heima. Kenningar sem gera ráð fyrir að þekking sé bæði manngerð og eigi sér að einhverju leiti sjálfstæða tilvist. Til dæmis kenningar heimspekingsins John Dewey en Hein dregur fram þá skoðun Dewey að ekki sé hægt að lýsa „sannleikanum“ með orðum einum heldur verði þekking til þegar upplifun eða reynsla á sér stað og þegar hugmynd er á bak við gjörðir (Dewey, 1916; Hein, 1998, bls. 18). Vegna þeirrar afstöðu Dewey að huglæg þekking verði til í gegnum gjörðir manneskjunnar, eða með virkum hætti, staðsetur Hein Dewey hughyggjumegin á ásnunum, en ekki yst því gjörðir fela í sér samspil huga og hins ytra, raunheimsins.

Hinn ásinn sem Hein stillir upp, x-ásinn (sá lárétti), er um námskenningar. Þar eru líka gagnstæðar hugmyndir á sitt hvorum enda. Öðrum megin er hugmyndin um að nám eigi sér stað með yfirfærslu yfir á nemandann sem taki í smáskömmum inn fróðleikinn sem honum sé færður. Stundum er tekið svo til orða að verið sé að „fylla tóma tunnu“ þar sem tunnan er þá hugur nemandans. Á hinn enda ássins hópast nokkrar námskenningar, segir Hein. Þær eigi það sameiginlegt að gera ráð fyrir að fólk byggi sjálft upp sinn skilning. Þetta séu seinni tíma kenningar sem fylgi í fótspor Dewey, Piaget og Vygotsky sem allir höfðu mikil áhrif á menntunarfræði á fyrri hluta 20. aldar með rannsóknum sínum á hvernig barn lærir. Þeir voru lykilsmiðir nemendamiðaðrar hugmyndafræði með því að sýna fram á að barnið byggir smám saman upp eigin þekkingu í persónulegu og félagslegu samhengi (Palmer, 2001). Þessar námskenningar leggja áherslu á að nemandinn þurfi sjálfur að gefa viðfangsefninu og hinum ólíku hliðum þess merkingu í sínum eigin huga (Hein, 1998, bls. 21 – 22).

Í hólfin fjögur sem armarnir á ásunum mynda raðast kennslufræðilegar aðferðir sem grundvallast á þeim viðhorfum til þekkingar og náms sem mynda hólfið. Með „fróðleikur útskýrður“ (e. *didactic, expository*) á Hein við þá kennslufræði sem kalla má hefðbundna og við könnun stöðugt öll við úr okkar skólagöngu. Hún byggist á því að kennarinn skipuleggur

---

<sup>9</sup> Sjá skýringarmyndina á frummálinu í myndaskrá.

kennsluna út frá gerð efnisins og kynnir það fyrir nemendum í rökréttri röð. Helsta áskorun kennarans í þessu kennslumódeli segir Hein vera að raða þekkingunni frá hinu einfalda til hins flókna í bútum sem eru nægilega litlir til að nemandinn ráði við að tileinka sér hana (Hein, 1998, bls. 25 – 26). „Örvun/endurgjöf“ (- eða „viðbragð“ sem á að mínu mati betur við) (e. *stimulus – response*) kennslufræðin tengist aðferðum sem beitt er innan atferlissálfræði, útskýrir Hein. Aðferðin á við þegar áherslan er á þjálfun. Verið sé að sækjast eftir viðbragðinu en hlutlægur sannleikur látinn liggja milli hluta eins og sést af staðsetningunni á þekkingarfræðiasnum (Hein, bls. 29 – 30).

Á hægri væng ássins um námskenningar færast fókusinn yfir á nemandann. „Uppgötvun“ (e. *discovery*) gerir ráð fyrir að þekking sé fyrir utan nemandann, þar séu staðreyndir sem hann geti uppgötvað. Hein bendir á að uppgötvunarnám gangi út á að leyfa nemandanum að gera tilraunir. En það sé mótsögn falin í því þegar útkoma tilraunarinnar er fyrir fram ákveðin. Uppgötvunarnám hafi þó sína kosti þrátt fyrir gallana, til að mynda þá að nemandinn fái að einhverju leyti að stýra könnunarleið sinni og fjölbreytt efni og spurningar séu lagðar fyrir til þess að hvetja til uppgötvunar og ígrundunar. (Hein, 1998, bls. 30 – 33). Síðasti kennslufræðireiturinn í skýringarmynd Hein geymir „hugsmíðahyggju“ (e. *constructivism*). Hugsmíðahyggja gerir ráð fyrir að það að læra sé að skapa merkingu úr reynslu, að sá sem læri byggi upp skilning sinn og þekkingu með virkum hætti (Smith, 2020), sbr. „smíða“-hlutann í orðinu. Hein útskýrir að þar sé gert ráð fyrir því að nemandinn beiti jú huga sínum til að nálgast viðfangsefnið og það sé líka nemandans að beita sér svo að þekking sitji eftir. Krafist sé virkrar þátttöku nemandans og svo hins að niðurstöður hans séu ekki skilgreindar fyrir fram heldur aðeins að þær gangi upp innan þess raunveruleika sem nemandinn smíðar. Sem dæmi um hið síðastnefnda segir Hein ekki óþekkt að túlkun gesta á sýningu í safni sé allt önnur en þemað sem lagt var upp með, af því að gesturinn smíði sína eigin mynd af efninu í sínu hugskoti. (Hein, 1998, bls. 34 – 35).

Hein er hallur undir hugsmíðahyggju og segir að í safni sem starfar eftir þeirri kennslufræði sé nemendum í skólaheimsóknum gefið tækifæri til að gera tilraunir, koma með tilgátur og draga ályktanir. Á öndverðum meiði skýringarmyndar hans er hin hefðbundna fræðsla með útskýringum á staðreyndum. Á þannig safni sé tekið á mótí skólahópum með þau atriði í huga sem ætlast er til að nemendur tileinki sér í heimsókninni og hópurnir svo mataður á þeim atriðum í réttri röð (Hein, bls. 29 og 35). Síðarnefnda kennsluáðferðin er í raun það sem hefðbundin leiðsögn um sýningar er í eðli sínu. Þá á ég

við leiðsögn þar sem safnkennarinn býr yfir þekkingu sem hann kemur skipulega frá sér í einhliða frásögn. Nemendur eru að mestu passíf en eru stundum spurð spurninga eða fá að giska á rétt svar og koma með spurningar.

Ég tel kennslufræðimódel Hein hjálplegt verkfæri til þess að taka upplýsta afstöðu til aðferða við safnfræðslu. Aðhyllist safnkennarinn hugsmíðahyggju þarf hann að hafa það í huga þegar safnfræðslan er mótuð. Þá þarf hann að skapa nemendum svigrúm til eigin uppgötvana og athugana í samtali við sjálf sig, samnemendur og kennara.

### **3.1.2 Fjölgreindarkenningin og skilningarvitin**

Eins og fram kemur hér á undan hefur áherslan færst yfir á nemandann með þróun námskenninga á 20. öld. Kennarar spyrja sig hvers nemendur þarfnist svo nám eigi sér stað. Þessi þróun leiddi af sér ýmsar athuganir á hvernig nám gerist og í ljós kom að námsferlið er ólíkt eftir einstaklingum. Það sem hentar einum er kannski torsótt fyrir annan. Fram komu kenningar um ólíka styrkleika í námi og er fjölgreindarkenning Gardner einna þekktust þeirra (Gardner, 2006). Kenningin gerir ráð fyrir að hægt sé að hugsa og tileinka sér þekkingu með mismunandi hugrænum aðferðum og flokkaði Gardner aðferðirnar í átta tegundir greindar: málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind (Heiða María Sigurðardóttir, 2005; Hein, 1998, bls. 164 – 165). Í samræmi við þetta var farið að huga að því í menntastofnunum víðs vegar á Vesturlöndum að auka fjölbreytileika kennsluáferða og gefa rými fyrir fleiri greindarstyrkleika og um leið beitingu fleiri skynfæra við nám. Söfn tóku að prufa ýmsar leiðir til að örva upplifun sýningargesta með fleiru en textaspjöldum og uppstillingum sem einungis höfðu til sjónar. Hein (1998, bls. 164 – 165) segir frá því að þegar sýning í Vísindasafninu í Boston var endurbætt í kringum 1990 þannig að gestum gafst tækifæri til að skynja hljóð, snertingu og lykt kom í ljós að gestir dvöldu tvöfalt lengur í sýningarsalnum og lærðu mun meira um efnið heldur en þegar sjónin var eina skilningarvit þeirra sem var virkt.

Ein birtingarmynd fjölgreindarkenningarinnar í skólakerfinu á Íslandi í dag er að nemendum er í ríkari mæli gefið tækifæri til að standa skil á efni, sem þau hafa tileinkað sér, með skapandi aðferð að eigin vali. Í námi við listkennsludeild LHÍ má skila verkefnum í formi dansverks, myndbands, hljóðvarps eða á annan hátt sem fellur nemandanum, svo fremi sem skrifleg greinargerð fylgir með. Í vettvangsnámi mínu, og öðrum heimsóknunum í grunnskóla yfir námstíma minn við deildina, fékk ég að fylgjast með viðtökukennurum



mínun í unglingsdeildum stíga fyrstu skrefin í þá átt að veita nemendum frelsi til að móta sín verkefnaskil. Ég sá sem dæmi nemendaverkefni sem urðu til í samfélagsfræðitímum í formi ratleiks, glærusýninga, leikinna myndbanda, stop-motion myndbanda, upptöku á frásögn og einsöng, bókverka og veggspjalda. Í vettvangsnámi í framhaldsskóla sá ég að það sama var uppi á teningnum; nemendur máttu skila úrvinnslu sinni á verkefnum á alls konar formi sem þeim hentaði. Allt eru þetta dæmi um hvernig nemendamiðað nám helst í hendur við sköpun. Þessi nálgun á sér stoð í *Aðalnámskrá* þar sem kveðið er á um að nám skuli vera nemendamiðað (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 42) og í umfjöllun um lykilhæfnina „skapandi og gagnrýnin hugsun“ er m.a. talað um að nemandi sýni frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu og áræðni til að leita nýrra lausna (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 88).

### 3.1.3 Listmiðuð umhverfismennt/-un, útinám

Í grein Stefáns Bergmann (2000), f.v. dósentis í líffræði og umhverfismennt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands (áður Kennaraháskólinn), í tímaritinu *Uppeldi og menntun* kemur fram að umhverfismennt hafi komið með formlegum hætti inn í skólastarf á Íslandi með nýrri *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989. Um svipað leyti hafi námskeið í umhverfismennt verið tekið upp í almennu kennaranámi við Kennaraháskólann. Fagið fjalli á víðtækan hátt um samspil mannkyns við náttúru og umhverfi, það sé í eðli sínu þverfaglegt því á þessu samspili séu margar hliðar. Fram kemur að umhverfismennt var ekki gerð að sér námsgrein í skólum heldur fléttuð inn í ýmis skyld fög. Stefán (2000, bls. 163) segir að í þessu hafi falist áhugaverð tækifæri í þá veru;

að reynsla af vinnuaðferðum í umhverfismennt geti haft áhrif á almenna skólaþróun, m.a. í því hvernig nálgast má samþætt og flókin viðfangsefni, tengja skóla samfélaginu sem hann þjónar, auka ábyrgð nemenda á námi sínu og breyta hlutverki kennarans í leiðsagnar- og verkstjórnarhlutverk.

Auðvelt er að heimfæra þessar kennsluáferðir umhverfismenntar á söfn. Á söfnum er viðfangsefnið gjarnan samþætt og flókið og í skólaheimsóknum á söfn mynda nemendur tengsl við samfélagið í gegnum safnið og safnið myndar sömuleiðis tengsl við samfélagið í gegnum skólann. Að auka ábyrgð nemenda á námi sínu og að kennarinn sé í hlutverki verkstjóra endurspeglar hugsmíðahyggju Dewey, þ.e. að nám grundvallist á upplifun og reynslu þess sem nemur (Ólafur Páll Jónsson, 2010).

Ferð á safn er í vissum skilningi útinám þar sem farið er með nemendur út fyrir skólastofuna. En útinám felst ekki bara í því heldur líka í nálguninni; að skynfæri nemenda eru virk þar sem börnin eru að upplifa sjálf og eignast reynslu og þessi reynsla myndar

tengsl þeirra við umhverfið, eins og Ævar Aðalsteinsson og Jakob Frímann Þorsteinsson (2015) útskýra í sérriti vef tímaritsins *Netlu* um útinám. Ævar var þá nemandi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og verkefnastjóri útináms við frístundamiðstöðina Gufunesbæ í Reykjavík og Jakob Frímann er aðjúnkt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda, og þáverandi stjórnandi námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði. Þeir Ævar og Jakob (2015, bls. 5) undirstrika að útinám sé reynslumiðað nám (e. *experiential learning*) „sem felst meðal annars í því að vekja þátttakendur til vitundar um það hvað þeir skynja um sjálfa sig, aðra og umhverfið.“ Þeir segja örvun skynfæranna vera styrk útináms en í gegnum þau taki nemendur reynsluna inn og þannig geti námið orðið dýpra og merkingarbærara fyrir hvert og eitt þeirra.

Þessi áhersla á upplifun, reynslu og fjölbætta skynjun er einnig kjarni listmiðaðrar umhverfismenntunar - að viðbætti sköpun. Í listmiðaðri umhverfismenntun er einblínt á þau óráðu mörk sem eru á milli líkamlegrar skynjunar og upplifunar, að við sem mannverur skynjum vissulega í gegnum skynfæri líkamans en að skynjunin fer svo í úrvinnslu í huga okkar og tilfinningu. Skynjun á ytra áreiti og upplifun okkar er þannig órofa heild þar sem hið ytra og innra rennur saman (van Boeckel, 2009). Í kennslu er mikilvægt að stuðla að því að reynslan af þessari einingu sé ánægjuleg og uppbyggileg svo að nemandinn myndi jákvæða tengingu við umhverfið, hvort sem það er safn eða náttúra, og verði þannig málsvari þess í samfélaginu. Eitt af því sem getur byggt undir slíka tengingu, fyrir utan að vera á staðnum og upplifa, er að gefa nemendum rými fyrir sköpun, þ.e. listræna og sjálfstæða úrvinnslu á reynslunni, sem er það sem listmiðuð umhverfismenntun gengur út á (Mantere, 1992).

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hefur starfrækt þverfaglegt þróunarverkefni í anda listmiðaðrar umhverfismenntunar í á þriðja ár sem kallast *LÁN - Listrænt ákall til náttúrunnar*. Verkefnið styður við þverfagleg, þemamiðuð verkefni sem sameina náttúrugreinar og listgreinar. Það leiðir saman kennara í þessum greinum innan leik- og grunnskóla sem taka þátt og listafólk, vísindafólk og menningarstofnanir svo sem söfn. Verkefninu er m.a. ætlað að stuðla að nýsköpun í skólastarfi, innleiða skapandi og fjölbreyttar kennsluáferðir auk þess að styrkja sjálfsmynd og gagnrýna hugsun nemenda og trú þeirra á eigin getu. *LÁN* tengist innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* (Ásthildur Jónsdóttir, e.d.). Nokkrum verkefnum sem *LÁN* átti frumkvæði að og tengjast söfnum er lýst í *Hugmyndahattinum*.

Á meðan á ritun þessarar greinargerðar stóð bárust fréttir um undirritun viljayfirlýsingar um samstarf á milli Listasafns Íslands og Landverndar með það að markmiði að leiða saman umhverfismenntun og listir. Samstarfið mun tengjast inn í skólakerfið í gegnum alþjóðlegu verkefni *Grænfanann* og *Ungt umhverfisfréttafólk* sem Landvernd rekur hér á landi (Landvernd, 2022). Það verður spennandi að fylgjast með þessu samstarfi og afurðum þess með þátttöku nemenda.

Sú hugsun sem birtist í þessum undirkafla um listmiðaða umhverfismenntun og útinám er leiðarstef í verkefnavali í handbókina *Hugmyndahattinn* og skýrir hvers vegna ég segi í inngangi að samvinna um verkefni af þessum toga stuðli að því að nemendur láti söfnin sig varða og öðlist í gegnum þátttöku sína visst eignarhald á þeim og samfélaginu sem söfnin standa fyrir.

## **3.2 Grunnþættir menntunar; sköpun og læsi**

Eins og ég nefndi í kafla 2.3 eru grunnþættir menntunar skv. nógildandi *Aðalnámskrá* allra skólastiga þessir: læsi – sjálfbærni – heilbrigði og velferð – lýðræði og mannréttindi – jafnrétti – sköpun (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 16). Flest söfn geta fjallað um öll þessi atriði úr frá sýningum og safnkosti og þessir grunnþættir skarast oft í einstökum verkefnum. Út frá efni kaflans, þ.e. kennslufræðilegum þáttum í samhengi safnfræðslu, ræði ég sérstaklega um sköpun og læsi sem lykilnálgun í ánægjulegri og árangursríkri samvinnu safns og grunnskóla um menntun barna.

### **3.2.1 Sköpun**

Í sérritinu um sköpun í *Ritröð um grunnþætti menntunar* (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012) er fjallað um mikilvægi sköpunar í skólastarfi. Rætt er um að sköpunarkraftur sé allra, hann sé ekki aðeins eiginleiki þeirra sem fáist við listir heldur birtist hann hjá öllum starfsstéttum og í hvers kyns viðfangsefnum. Mikilvægi skapandi hugsunar fyrir einstaklinga sé m.a. fólgið í getu til að takast á við umbreytingar og skilja sjálfa sig og aðra betur. Samfélagslegur ávinningur felist m.a. í getu til að leysa vandamál í gegnum mannauð og hugvit.

Í sérritinu er tafla yfir einkenni skapandi skólastarfs (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 7). Þar er minnst á margt sem komið hefur við sögu í þessari greinargerð og hugurinn hvarflar óneitanlega til skýrslu Anne Bamford sem var nýleg þegar ritið um sköpun var skrifað:

- Fjölbreyttar kennsluáðferðir og vinnubrögð
- Samstarf milli greina
- Verkefni spanna lengra tímabil
- Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif
- Þekkingarleitir og sköpunarferlið er mikilvægt
- Nemendur hvattir til að gera tilraunir
- Verk nemenda eru sýnileg, nemendum og kennurum til innblásturs og hvatningar
- Nemendur hafa val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum
- Náttúrulegt umhverfi, söfn og menningarstofnanir, verkstæði og fyrirtæki heimsótt til að sækja fróðleik, hugmyndir og innblástur
- Áhersla á vettvangsheimsóknir og útinám

Ánægjulegt er að sjá söfn og menningarstofnanir nefnd í þessu samhengi og bætir það að nokkru upp fyrir þögnina um slíkar stofnanir í *Aðalnámskrá*. Atriðin á þessum lista eru í samræmi við það sem ég hef dregið fram hér að framan um stefnur og kennsluáðferðir sem líta má til varðandi mótun verkefna í samstarfi grunnskóla og safna. En hvað er sköpun og hvers vegna snertir hún á öllum þessum atriðum hér að ofan? Í sérritinu um sköpun er hún skilgreind sem ferli þar sem ímyndunaraflinu er beitt og eitthvað er búið til sem er bæði frumlegt og hefur eitthvert gildi fyrir okkur sjálf, okkar nánasta umhverfi eða samfélagið (Ingibjörg Jóhannsdóttir o.fl., 2012, bls. 18). Á sama stað birtist þessi skýringarmynd sem tengir marga eiginleika hugar, handa og tilfinninga inn í sköpunarferlið:

**Mynd 2:**



Ég er hrifin af þessari mynd af því að hún sýnir hversu margþætt sköpunarferli er og hversu marga eiginleika manneskjunnar það virkjar. Ferlið er spirall enda er sköpun ekki línuleg heldur fer hún í marga hringi og fram og til baka á milli staða í ferlinu. En á endanum verður til útkoma; sköpunarverk sem verður minnisvarði um allt sem á undan er gengið, alla gagnaöflunina, allar hugmyndirnar, allar tilraunirnar, samtölin og sögurnar. Meðal annars þess vegna legg ég áherslu á að verkefnið í *Hugmyndahattinum* gefi rými fyrir sköpun.

### 3.2.2 Læsi

Annar mikilvægur þáttur í námi í safni eða í samstarfi við safn er læsi. Í sérritinu um læsi í *Ritröð um grunnþætti menntunar* (Stefán Jökulsson, 2012) er fjallað um læsi í víðum skilningi, sem margþættan eiginleika sem felur í sér merkingarsköpun, samskipti og skilning. Þar segir að merkingarsköpunin sé einatt þríþætt; fyrst söfnum við hráefni, svo sköpum við úr því og loks miðlum við sköpunarverkinu. Hráefnið getur verið hvers kyns efni svo sem upplýsingar, hugmyndir, reynsla eða gögn sem við lesum, skoðum, mælum, prófum o.s.frv. Sköpunin felur í sér úrvinnslu með einhverjum verkfærum og virkni svo sem að greina, breyta, tengja, flokka, móta o.þ.h. Miðlunin felst í að koma útkomunni á framfæri með t.d. bók, málverki, ritgerð, dansi eða annarri framkvæmd sem felur í sér að birta, gera, tala saman, dreifa, semja o.þ.h. (Stefán, 2012, bls. 17 – 18). Þessi útlistun á læsi sem þríþættu ferli sýnir að læsi er nátengt sköpun enda er hún beinlínis partur af orðinu merkingarsköpun. Höfundur ritsins aðhyllist bersýnilega hugsmíðahyggju sem má m.a. ráða af því að hann útskýrir að merkingarsköpunin „litast óhjákvæmilega af reynslu viðkomandi sem snýst alltaf um ýmiss konar skynjun og skynhrif: liti, form, lögun, snertingu, angan, hljóð“ (Stefán, 2012, bls. 20). Til viðbótar segir hann samskipti og skilning tilheyra læsi. Samskipti sem grunnur náms og kennslu og mikilvæg færni fyrir okkur öll að tileinka okkur. Og eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að miðla neinni merkingarsköpun eða taka þátt í neinum samskiptum ef skilningur er ekki fyrir hendi, merkingarsköpunin sé á báða bóga, hjá „sendanda“ og „viðtakanda“ (Stefán, 2012).

Efniviðurinn sem söfn geyma er kjörinn til þess að þjálfar alls konar læsi með nemendum á öllum aldri og í *Hugmyndahattinum* er eitt verkefni sem sérstaklega miðar að myndlæsi.

### 3.3 Lykilhæfni og sköpunarferli í *Aðalnámskrá*

Í samhengi kennslufræðilegra þátta langar mig að hnykkja á lykilhæfninni sem *Aðalnámskrá* boðar að tengjast skuli öllum námssviðum og ég nefndi í kafla 2.3. Hún lítur að hæfni hvers og eins nemanda í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mati á eigin námi (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 86). Auðvelt er að færa rök fyrir því að þessi hæfni þjálfist í vönduðum skólaheimsóknum á söfn. Sé nám í anda hugsmíðahyggju haft að leiðarljósi er ofangreint innbyggt í ferlið - að nemendur tjái uppgötvanir sínar og úrvinnslu og miðli niðurstöðum sínum úr sköpunarferli sem innifelur gagnrýna hugsun, sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu, t.d. í hópastarfi. Nemendur nýta sér safnkost og sýningar sem heimild og innblástur og bera sjálf ábyrgð á eigin þátttöku í ferlinu.

*Aðalnámskrá* birtir hið skapandi ferli í skýringarmynd í kafla um hæfniviðmið sjónlista (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013a, bls. 148):

#### Mynd 3:



Þessi skýringarmynd staðsetur tengsl við menningu og umhverfi í samhengi við skapandi og gagnrýna hugsun nemandans. Ég er jafn hrifin af henni og þeirri fyrri úr sérritinu um sköpun. Þessa mynd má augljóslega heimfæra á samvinnu safna og grunnskóla: Söfn eiga heima undir menningu og umhverfi, þangað fara nemendur í rannsóknarleiðangur, þau taka eftir, skoða, meta og spyrja spurninga, þ.e. beita gangrýninni hugsun, og nýta svo eigin skapandi hugsun til að finna tengingar, áhugasvið, birtingarmyndir og útfærslu og vinna að sköpunarverki sem úrvinnslu úr safnheiminum sem þau könnuðu.

### 3.4 Starfskenning mín

Í námi mínu við listkennsludeild Listaháskóla Íslands fékk ég tækifæri til að velta fyrir mér hver mín starfskenning væri. Starfskenning er þær hugmyndir sem fagmanneskja hefur um starf sitt byggt á gildum hennar, fræðilegu námi og reynslu úr starfi ásamt ígrundun og samtali við samstarfsfólk (Hafdís Ingvarsdóttir, 2004). Þar sem ég hef í þessari greinargerð rætt um skort á fagvitund meðal safnfræðslusérfræðinga almennt er ekki nema sjálfsagt að bæta aðeins úr með því að deila hér íhugunum mínum um hvar ég stend sem fagmanneskja í safnfræðslu.

Fyrst vil ég nefna að námstími minn við listkennsludeild Listaháskóla Íslands hefur verið mér afskaplega dýrmætur og gjöffull. Nú þekki ég betur til starfsumhverfis kennara og þeirra krafna sem gerðar eru til þeirra innan skólanna, ég hef safnað ómældum auði hugmynda um skapandi kennslufræðilegar nálganir í vinnu með nemendum og hef öðlast skýrari fagvitund sem gefur mér áráði og þor til að brydda upp á nýjum leiðum sem skilja meira eftir hjá nemendum í gegnum þátttöku þeirra í því sem er gert í safnheimsókninni og í tengslum við hana.

Hugsmíðahyggja hefur skotið upp kollinum hér og þar í þessum skrifum enda er ég sammála grundvallarforsendum hennar. Kennismiðurinn sem mikið er litið til varðandi hugsmíðahyggjuna er John Dewey. Samkvæmt honum er þekkingaröflun eða nám samofin því sem við gerum, setning hans „learning by doing“ er þekkt í þessu sambandi. Námið er þannig ferli sem á sér stað í gegnum virkni nemandans. Raunar mun Dewey gjarnan hafa notað orðin „leit“ og „rannsókn“ þegar hann fjallaði um þekkingaröflun. Annað sem Dewey lagði áherslu á og varðar nemendur er að þeim sé leyft að láta eigin áhuga ráða för, prófa sig áfram, gera mistök og læra af þeim og síðan dvelja við umhugsun um viðfangsefnið (Gestur Guðmundsson, 2012). Það má orða þetta sem svo að allt nám sé sjálfsnám og að kennsla sé fólgin í að aðstoða nemendur við leit að svörum við spurningum sem skipta máli, en eitthvað á þá leið hljómaði leiðsögn föður míns, grunnskólakennarans, til handa samkennara fyrir margt löngu og samkennarinn rifjaði upp við andlát föður míns árið 2020.

Lærdómurinn sem ég dreg af námi mínu, reynslu og gildum um starf og eiginleika kennarans er að besti kennarinn sé sá sem aðstoðar og hvetur nemendur til að uppgötva eitthvað nýtt, til að læra. Það er nemandinn sem lærir, kennari getur ekki *látið* nemanda læra, heldur þarf hann að finna leið með honum að þekkingunni. Kennari þarf að mæta

nemendum þar sem þau eru, þarf að þekkja nemendur sína, en um leið hjálpa þeim að komast upp úr farinu sem þau eru í og stækka skilning sinn og hæfni. Að aðstoða þau við að spyrja spurninga sem skipta máli og leita svara við þeim, eins og pabbi sagði samkennara sínum. Góður kennari býr til fjölbreytt námsumhverfi og býður upp á fjölbreyttar aðferðir til að komast að raun um eitthvað nýtt. Í starfi mínu við safnfræðslu og í kennslufræðináminu hef ég lært að þverfagleg teymisvinna kennara, smiðjur, þemavinna að verkefnum og innleiðing leiks og sköpunar í fræðslustarfið eru raunhæfir kennsluhættir. Ég er hrifin af samræðum, samtali kennara og nemenda, til að finna leiðir að markmiðum, að hæfniviðmiðum. Ég vil vera þannig safnkennari; leiðtogi sem býr yfir fagþekkingu, ber virðingu fyrir nemendum sínum og hefur skilning á hvar þau eru stödd og getur hvatt þau til (sjálfs)náms.



## 4. Hugmyndahatturinn verður til

Það sem dró mig að þeirri hugmynd að setja saman handbók fyrir grunnskólakennara um skapandi samstarf við söfn, er löngun mín til þess að grunnskólakennarar líti í ríkari mæli til safna sem spennandi og skapandi námsvettvangs fyrir nemendur sína. Möguleikarnir eru svo margir og útkoman oft sérstaklega gefandi fyrir nemendur. Einmitt vegna þess hve möguleikarnir á námi í samstarfi við safn eru fjölbreyttir er ekki úr vegi að safna saman í handhægt rit nokkrum reynslusögum. Þær geta nýst sem útgangspunktur í samtali á milli grunnskólakennara og fræðslusérfræðinga safnanna um heppilega útfærslu miðað við safnkost og aðstæður í safninu og námsefnið sem nemendur eru að vinna með. Samtalið er lykilatriði að mínu mati því þannig þróast hugmyndir áfram. Með handbókinni vonast ég til að kennarar verði meðvitaðri um að þeim er velkomið að hafa frumkvæði að verkefnum með söfnunum og að það er hægt að gera margt fleira en fara í hefðbundna safnheimsókn sem mótuð er einhliða af starfsfólki safnsins. Von mín er að kennarar valdeflist gagnvart söfnum og líti á þau sem sinn vettvang og nemenda sinna.

### 4.1 Efnisöflun

Öflun frásagna af skapandi verkefnum með grunnskólanemendum fólst í rafrænni spurningakönnun sem ég setti upp veflægt í gegnum Google Forms (Google eyðublöð). Viðtakendur voru beðin í gegnum bréf sem ég sendi í tölvupósti að opna hlekk á eyðublaðið, fylla það út og senda inn. Eyðublaðið með þeim spurningum sem ég lagði fyrir og nánari leiðbeiningum fyrir þau sem fylla það út má sjá í heild sinni í viðauka I. Í inngangi spurningakönnunarinnar segi ég að markmiðið sé m.a. að brúa bilið á milli skóla og safna og stuðla að aukinni og fjölbreyttari nýtingu á söfnum í kennslu grunnskólabarna. Síðan safna ég ýmsum grunnupplýsingum svo sem um heiti safna og skóla og nöfn tengiliða o.fl. Því næst bið ég um ítarlega lýsingu á verkefninu, tímaramma þess, heiti, námsferlinu allt frá kveikju að afurð og/eða sýningu ef einhver er, verkþáttum allra aðila, hvaðan frumkvæði kemur og hvort verkefnið eigi sér fyrirmynd, auk vefslóða sem varpað gætu nánara ljósi á verkefnið. Að lokum bið ég um tenginu við námsgreinar og hæfniviðmið auk hugleiðinga um gildi verkefnisins fyrir fræðslustarf safnsins og tengsl safnsins við samfélagið. Í eyðublaðinu er sérstakt skilahólf fyrir fylgigögn svo sem ljósmyndir sem prýða mættu handbókina, kennsluáætlanir, nánari lýsingar eða kynningarefni. Ég einsetti mér að hafa frekar of margar spurningar en of fáar en gefa í

staðinn svigrúm til að sleppa sumum spurningum. Um leið gætti ég þess að skýrt væri hvað beðið væri um í hverjum lið og forðaðist endurtekningar. Ég lagði áherslu á að virkni nemenda og námsferlið frá sjónarhóli þeirra kæmi fram. Ég vildi tryggja að ljóst væri á hvaða hátt nemendur beittu sér við sína þekkingaröflun og hvernig sköpunargáfa þeirra fengi notið sín í ferlinu, sbr. þá áherslu sem legg á nemendamiðað nám og hugsmíðahyggju í kafla um kennslufræði, ásamt mikilvægi sköpunar og læsis og annarra grunnþátta menntunar og lykilhæfni sbr. *Aðalnámskrá*.

Söfn sem öðlast hafa viðurkenningu Safnaráðs eru nú 47 talsins<sup>10</sup> og við þau bætast höfuðsöfnin þrjú þannig að samtals var könnunin send til 50 safna (sjá lista í viðauka II). Könnunin var send til safnstjóra auk starfsfólks sem sinnir safnfræðslu þegar það átti við. Í þeim tilvikum þar sem upplýsingar um netföng starfsfólks vantaði á heimasíður notaði ég almennt netfang safnsins. Bréfið sendi ég út með tölvupósti þann 19. janúar 2022 og birti ég það nánast í heild sinni (þ.e. án endurtekninga og án hlekks) í viðauka III. Í stuttu máli kynnti ég í bréfinu tilefni erindis míns, að ætlunin væri að safna frá vettvangi safna frásögnum sem fela í sér einhvers konar sköpun og/eða virkni hjá nemendum grunnskóla, hvort sem hún fer fram í safninu eða í skólanum. Ég tiltók nokkur dæmi um birtingarmynd verkefna sem færu út fyrir ramma hefðbundinna safnheimsókna grunnskólanemenda, svo sem þegar um væri að ræða endurteknar heimsóknir í safnið, samstarf við menningarhátíðir, að umhverfi safnsins væri notað, samstarf við þriðja aðila og að nemendur byggju til afurð sem er miðlað á einhvern hátt. Loks útskýrði ég að ætlunin væri að setja innsend dæmi fram í handbók ætlaðri grunnskólakennurum til innblástur um skapandi samvinnu við söfn.

Viðbrögðin sem ég fékk við tölvupóstinum voru mjög jákvæð. Framtakinu var hrósað og handbókin sögð vera tímabær og gagnleg og yrði áreiðanlega vel tekið af grunnskólakennurum. Mér var óskað góðs gengis og fólk lýsti tilhlökkun að sjá afraksturinn. Mörg brugðust fljótt við erindinu og sendu mér efni, önnur tóku lengri tíma í það og sum ætluðu að senda mér efni en gerðu það svo ekki, t.d. vegna þess að þeim fannst verkefnin sín ekki lýsa nógu miklu samráði eða ættu ekki við vegna þess að sýningin sem þau fjölluðu um var farin niður. Ég reyndi að telja um fyrir þeim síðasttöldu með þeim rökum að ég væri að safna dæmum til að þjóna sem innblástur, en það bar ekki árangur. Einn safnstjóri hafði samband við mig og sagðist vera með verkefni í vinnslu sem myndi

---

<sup>10</sup> Sjá lista hér, síðast skoðaður 4. apríl 2022: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/listi-yfir-vidurkennd-sofn/>

sóma sér vel í handbókinni en hún hikaði við að senda það inn vegna þess að hún vildi ekki að einhver myndi stela hugmyndinni. Þessi safnstjóri sendi inn eitt dæmi sem unnið var á yfirstandandi vorönn en verkefnið sem var í mótun kom ekki.

Tölvupóstinum fylgdi ég eftir með áminningu viku eftir að ég sendi hann og eftir að uppgefinn frestur rann út setti ég færslu í Facebook hóp safnfræðslusérfræðinga þar sem ég þakkaði góð viðbrögð og nefndi að hlekkur á Google eyðublað yrði áfram opinn vegna þeirra útistandandi frásagna sem ég vissi af.

## 4.2 Úrvinnsla

Samtals söfnuðust 34 frásagnir frá 21 safni sem teljast verður góður afrakstur úr ekki stærra mengi. Af þessum innsendu dæmum rötuðu fimm ekki alla leið inn í *Hugmyndahattinn*. Tvö þeirra lýstu hefðbundnum leiðsögnum og eitt snerist um safnkassa sem ég mat þannig að félli utan þess efnis sem ég sóttist eftir. Tvö voru frá Þjóðminjasafninu sem átti flest innsend dæmi, eða sex talsins, og sleppti ég tveimur þeirra úr þar sem mér fannst þau ekki bæta neinu við sambærileg dæmi frá sama safni. Eitt safn sendi inn sitt hvort svarið vegna sambærilegra verkefna sem unnin voru með ólíkum árgöngum en ég sameinaði þau svör í eina frásögn í handbókinni. Í *Hugmyndahattinum* eru því 28 dæmi um skapandi verkefni frá 19 söfnum.

Frásagnir sendenda læt ég halda sér að mestu en stundum stytta ég lýsingar og aðlaga orðalag mínum smekk svo yfirbragðið á milli verkefna sé sem líkast. Þess ber að geta að sum sem sendu inn verkefni gerðu það ekki í gegnum eyðublaðið heldur með tölvupósti og/eða vísun í greinar, umfjöllun eða vefsvæði. Í þeim tilvikum fór ég sjálf yfir efnið og færði það inn í eyðublaðið til þess að gögnin sem ég ynni með væru öll á eins formi. Í tveimur tilvikum vissi ég af verkefni sem mig langaði að hafa í handbókinni en fékk lýsingu ekki senda frá safninu og í staðinn hafði ég samband við viðkomandi grunnskólakennara sem fyllti út eyðublað og sendi mér. Samstarfskona mín í Þjóðminjasafninu sendi inn fjögur eyðublöð með ólíkum verkefnum, ég sleppti tveimur þeirra en sendi sjálf inn lýsingu á einu samstarfsverkefni sem ég hafði unnið að auk annars verkefnis sem lýtur að stafrænum fræðslupökkum safnsins og mér finnst mikilvægt að koma á framfæri.

Annað sem ber að nefna er að auðvitað er handbókin ekki tæmandi í þeim skilningi að fleiri verkefni eru til sem ættu vel heima í henni en eru þar ekki. Það hefur enda lítið að

segja að lýsa mörgum sambærilegum verkefnum vegna þess að markmiðið með handbókinni er einfaldlega að veita innblástur og hvatningu til góðra verka. Ég vissi af mörgum safnfræðsluverkefnum sem tengdust Barnamenningarhátíð í Reykjavík en ég eltist ekki við því það nægir að hafa örfá slík dæmi í handbókinni. Þau þjóna sem hluti fyrir heild. Eflaust á ég svo eftir að fá ábendingar um markverð verkefni eftir að ég sendi *Hugmyndahattinn* frá mér og ef mér auðnast að gefa hann út á rafrænu formi gæti vel verið að ég bætti einhverjum þeirra við þegar þar að kemur.

Í spurningakönnuninni sem ég sendi söfnum (viðauki I) bið ég um hæfniviðmið *Aðalnámskrár* eða sértæk hæfniviðmið sem við verkefnið eiga. Þar sem fáir svarendur tilgreindu hæfniviðmið fá þau ekki rými í handbókinni en það kemur að mínu mati ekki að sök þar sem reyndir grunnskólakennarar eru eflaust fljót að sjá hvaða hæfniviðmið snerta námsferlin sem verkefnin lýsa eða hvernig mætti aðlagja þau til að mæta þeim markmiðum sem kennarinn er með í huga. Í einstaka tilfellum fylgdi ítarefni svo sem kennsluáætlun eða nánari lýsing á einstökum þáttum verkefnisins sem ég birti ekki í handbókinni. Í staðinn bendi ég notendum hennar á það í inngangi að hafa samband við tengiliði fyrirmyndarverkefnis sem þau myndu vilja vita meira um.

### 4.3 Uppbygging og innihald

Fyrir fram hafði ég gert mér hugmyndir um að ég myndi kaflaskipta handbókinni eftir gerð verkefna, s.s. stök safnheimsókn, röð safnheimsókna, safnið kemur í skólann, stafrænir kostir, samvinna með þriðja aðila og fleira. En þegar ég skoðaði efnið betur sá ég að þetta var ekki raunhæf hugmynd þar sem skörun atriða var svo mikil í einstökum verkefnum að ómögulegt hefði verið að skipa þeim í einn kafla fram yfir annan. Til þess að öðlast yfirsýn yfir einkenni innsendra verkefna kóðaði ég öll verkefnin eftir þeim þáttum sem snertu námsferlið og sá fljótt að rökrétt væri að raða dæmum upp í handbókina eftir því hversu margir ólíkir þættir kæmu við sögu í hverju verkefni. Ég ákvað því að raða dæmunum upp frá því margþættasta til hins einfaldasta.

Eftirtalin þrettán atriði eru þeir þættir sem ég kom auga á í verkefnunum og því ferli sem þau lýsa. Ég gaf hverjum þætti stutt heiti og einkennislit og þeir koma, eftir því sem við á, í þessari röð, með þessum lit og í hástafalettri fremst í hverri verkefnalýsingu í handbókinni. Á þann hátt er lesandinn fljótur að átta sig á lykilþáttum hvers verkefnis og getur valið

verkefni til að kynna sér út frá þeim þáttum sem viðkomandi hefur áhuga á að vinna með. Í inngangi handbókarinnar er þessi lýsing á hvað ég á við með hverjum þætti:

- unnið er út frá ákveðnu þema: **ÞEMA**
- nemendur heimsækja safnið og fá fræðslu og innblástur: **SAFNHEIMSÓKN**
- nemendur koma oftast en einu sinni í safnið: **ENDURTEKNAR HEIMSÓKNIR**
- nemendur fara bak við tjöldin og kynnast safnkosti og störfum starfsfólks: **BAK VIÐ TJÖLDIN**
- aðili á vegum safnsins fer í skóla og hittir nemendur þar: **SAFNIÐ Í SKÓLANN**
- nærumhverfi safnsins eða nemenda er notað: **UMHVERFI**
- safnið býður stafrænt námsefni: **STAFRÆN MIÐLUN**
- nemendur vinna skapandi verkefni í safninu eða skóla: **SKÖPUN**
- farið er í leiki með nemendum: **LEIKIR**
- afurðir hinnar skapandi vinnu eru sýndar í safninu eða í skólanum: **SÝNING**
- sýningin er í sambandi við barnameningarhátíð svæðisins eða aðra bæjarhátíð: **MENNINGARHÁTÍÐ**
- eitthvað auka, eitthvað óvænt kemur inn í ferlið: **AUKAVINKILL**
- þriðji aðili kemur að verkefninu: **ÞRIÐJI AÐILI**

Þættirnir þurfa varla nánari skýringar við, nema kannski þeir tveir síðastnefndu. Stundum er eitthvað óvenjulegt við verkefnið sem togast í óvænta átt út úr ferlinu, eins og tímahylkið í Safnasafninu, eða að verkefnið hlýtur verðlaun eða styrk eða er hluti af stundaskrá nemenda í viðkomandi grunnskóla. Ég ákvað því að láta einn kóðann heita „aukavinkill“. Þegar ég nota „þriðji aðili“ þá á ég við t.d. listafólk eða vísindafólk utan safns og skóla sem kemur að ferlinu á einhverju stigi. Einnig getur verið um það að ræða að sveitarstjórn eða skólaþróunarverkefni komi að verkefni eða yti því af stað og þá gef ég það til kynna með merkingunni „þriðji aðili“. Þegar menningarhátíð kemur að ferlinu þá nota ég þá merkingu en ekki „þriðja aðila“ þó að vissulega sé slík hátíð þriðji aðili.

Dæmigert námsferli inniheldur **ÞEMA – SAFNHEIMSÓKN – SKÖPUN – SÝNINGU**. Þetta grunnferli getur tekið á sig ýmsar myndir og þá koma viðeigandi þættir inn til að gefa það til kynna. Í sumum tilvikum er jafnvel ekki um að ræða safnheimsókn og ekki alltaf er um eiginlega sköpun að ræða eða sýningu og þá er þeim þáttum sleppt við viðkomandi verkefnislýsingu. Verkefnin í bókinni eiga það sameiginlegt að fara á einhvern hátt út fyrir ramma hefðbundinnar safnheimsóknar (leiðsögn og e.t.v. verkefni leyst). Þau eru ólík

innbyrðis, t.d. að því leyti að mismunandi er hvaðan frumkvæðið kemur, hver mótaði verkefnið, hvað nemendur gera og hvort afrakstri er fylgt eftir og gerður sýnilegur út fyrir bekkinn. Ég sóttist eftir skapandi verkefnum en það getur bæði átt við að bryddað sé upp á nýjungum í nálgun og að námsferlið innifeli skapandi virkni nemenda. Hvoru tveggja á oftast við í verkefnum handbókarinnar. Nokkur verkefnanna snúast um stafræna miðlun enda hafa á undanförunum árum orðið til á söfnum þó nokkur skemmtileg, fjölbreytt, skapandi og fræðandi dæmi um hvernig nýta má þennan miðlunarmáta til að ná inn til skólanna. Enn fleiri dæmi eru til um stafræna miðlun safna til almennings og oft er skörun þarna á milli, þ.e. stafrænt efni fyrir almenning getur nýst kennurum í starfi með nemendum. Auk eiginlegra verkefnalýsinga um stafræna miðlun er stuttur kafli aftast í handbókinni með áhugaverðum vefslóðum innan menningargeirans sem hægt að skoða til að fá innblástur eða nota sem efnivið í vinnu með nemendum og nefnist hann *Veflægur efniviður fyrir kennara og nemendur*.

*Hugmyndahatturinn* hefst á inngangi þar sem ég kynni markmiðið með handbókinni, leiðbeini lesendum um notkun hennar, útskýri niðurröðun verkefnanna og þáttagreininguna og kynni mig stuttlega sem höfund. Því næst koma verkefni öll í kafla sem ég nefni *Fyrirmyndarverkefni* enda hvert og eitt þeirra einstakt og til fyrirmyndar á sinn hátt. Auk þáttagreiningarinnar fremst við hvert verkefni hef ég feitletrað í texta um verkefni ýmis lykilatriði svo sem aldur nemenda, tímaramma og vettvang vinnunnar, auk atriða sem eiga við þætti námsferlisins og ég tel upp fremst. Þáttagreiningin og feitletrun er hugsuð til að auðvelda notkun handbókarinnar sem uppflettiritis sem hægt er að skanna eða fletta m.t.t. til einstakra þátta eða lykilatriða og velja þannig verkefni til að lesa til hlítar. Mér til mikillar ánægju sendi safnafólk inn mikið af ljósmyndum sem gefa hverri frásögn aukið vægi því þær gefa svo margt til kynna, s.s. andrúmsloft vinnunnar, virkni nemenda eða skapandi afurðir ferlisins. Ljósmyndirnar gera yfirbragð *Hugmyndahattsins* létt og litríkt og geta þær líka þjónað sem stíklur sem notendur geta skoðað til þess að velja sér verkefni að lesa nánar um.

Annað sem ég tel lyfta kaflanum um fyrirmyndarverkefni eru umsagnir um gildi verkefnisins sem ég bað um aftarlega í eyðublaðinu. Langflest sendu inn hugleiðingu þar að lútandi og í nokkrum tilfellum bárust mér umsagnir kennara og í einu tilfelli umsögn nemanda. Þessar umsagnir eiga sinn sess í verkefnalýsingunum og gefa upplýsandi sjónarhorn á þær.

Öll þau sem standa að gerð og framkvæmd hvers verkefnis nefni ég með nafni og starfstitli í texta um verkefnið. Mér finnst mikilvægt að þau komi fram því þeirra er heiðurinn og þau eru einnig tengiliðir verkefnisins sem notandi handbókarinnar gæti haft samband við til að nálgast nánari upplýsingar. Eðli málsins samkvæmt eru flest verkefni ný af nálinni en tvö þau elstu eru frá árunum 2012 og 2013.

Að öllu þessu sögðu lýsi ég ánægju minni með útkomuna; verkefni eru mátulega mörg, þau dreifast vel um landið, þau eru frá söfnum af ólíkum gerðum og eru sannkölluð fyrirmyndarverkefni sem grunnskólakennarar og fræðslustarfsfólk safnanna geta nýtt sér í þróun nýrra nálgana í samvinnu safna og skólanna.

#### **4.4 Hugmyndahattinum komið á framfæri**

Lokastig vinnu minnar er að koma *Hugmyndahattinum* á framfæri við markhópinn; fyrst og fremst grunnskólakennara en jafnframt safnafólk sem sinnir safnfræðslu. Í lokaverkefni mínu er handbókin einfaldlega Word-skjal sem ég get síðan vistað í pdf-formi og dreift með töluþósti og hlaðið upp á vefsvæði. Nærtækast er fyrir mig að fá *Hugmyndahattinn* hýstan á vef Þjóðminjasafnsins, sem er jú eitt höfuðsafnanna en um leið minn vinnustaður. Ég get líka beðið hin höfuðsöfnin að vista hann á sínum heimasíðum enda eru söfnin í *Hugmyndahattinum* af öllum gerðum; byggða-, lista- og náttúrusöfn. Einnig má hugsa sér að Kennarasamband Íslands eða Menntamálastofnun hýsi handbókina og/eða komi upplýsingum um hana á framfæri við kennara. Söfnunarsíðan *List fyrir alla* er líka kjörinn vettvangur fyrir *Hugmyndahattinn*. Ritið getur þannig verið aðgengilegt á fleiri en einu vefsvæði enda á það að vera ókeypis og því víðtækari sem dreifingin er, því líklegra að það rati til móttækilegra lesenda.

Hugur minn stendur til þess að fá *Hugmyndahattinn* gefinn út sem rafrænt rit, í forriti sem ætlað er rafbókum. Ég mun kanna möguleikann á því hjá ofangreindum stofnunum og kynna mér notkunarmöguleika í slíkum forritum m.t.t. til leitarbærni eftir einstökum efnisþáttum. Útgáfa í formi sérstakrar vefsíðu kemur líka til greina. Á síðunni *Uppspretta* hjá Reykjavíkurborg<sup>11</sup> er hægt að finna einstök tilboð til kennara eftir mismunandi viðmiðum, s.s. hverfi, árgangi og efnisflokki. Uppbygging *Hugmyndahattsins*, sem ég lýsi í undirkaflanum hér á undan, býður upp á að leitarbærni af þessum toga sé hagnýtt. Þá væri

---

<sup>11</sup> Sjá <https://uppspretta.reykjavik.is/>

t.d. hægt að leita eftir þætti námsferlis og finna öll verkefni sem eru í samstarfi við menningarhátíð eða nýta umhverfi safnsins svo dæmi séu tekin.

*Hugmyndahattinn* verður að sjálfsögðu alltaf hægt að finna á *Skemmunni*, safni námsritgerða og rannsóknarrita, en vonandi skýtur hann upp kollinum á sem flestum vefsvæðum sem grunnskólakennarar eða safnkennarar nota í þágu starfs síns og ratar þannig á móttækileg höfuð.



## Lokaorð

Ég lagði upp í þennan leiðangur vegna þeirrar löngunar minnar að opna sambandið á milli safna og grunnskóla meira í báðar áttir. Eftir langt tímabil einhliða miðlunar frá safni til skóla, þar sem safnið upplýsir um námstilboð sín til mismunandi árganga skólakerfisins, er kominn tími til að leggja meiri áherslu á samtal á milli kennara í skólakerfinu og safnfræðslusérfræðinganna. Ég hef tekið eftir því að þegar námsleið í safni verður til í gegnum samtal þá lifnar safnheimsóknin við, hún verður oft markvissari og meira rými gefið nemendum til úrvinnslu og sköpunar. Þetta finnst mér jákvætt og eftirsóknarvert að stuðla að aukinni áherslu á slíkar safnheimsóknir grunnskólanema. Hér er ekki um einangraða skoðun mína að ræða, heldur á sér stað þróun innan safna- og kennslufræða sem kallar á nálgun sem valdeflir safngesti/nemendur eins og ég hef rakið hér að framan. Sem leið að þessu markmiði réðist ég í gerð handbókarinnar *Hugmyndahatturinn*.

Ég ákvað að kalla eftir dæmum af vettvangi safna um skapandi samstarf og miðlun milli safna og grunnskóla því ég vissi að í söfnum víðsvegar um landið höfðu orðið til verkefni af þessum toga sem ég gæti tekið saman og birt á einum stað í aðgengilegu uppflettiriti. Viðbrögðin stóðust væntingar og fjölbreytt dæmi um skapandi vinnu með nemendum bárust. Innsend dæmi fela öll í sér einhvers konar nýnæmi eða skapandi vinkil og fara þannig öll upp úr þeim hjólförum sem það sem ég kalla „hefðbundin safnheimsókn“ situr í, en það er leiðsögn safnfræðslusérfræðings fyrir passífa nemendur, oft með smá uppbroti í lokin. Ég greini innsend dæmi eftir þeim þáttum sem einkenna námsferlið og merki hvert og eitt þeirra með þeim þáttum sem við það eiga. Ég raða verkefnalýsingum upp í handbókina út frá fjölda þátta þannig að fremst er flóknasta eða fjölpættasta framkvæmdin og svo koll af kolli til þeirrar einföldustu aftast. Kaflinn með verkefnalýsingum heitir *Fyrirmyndarverkefni* og er hann ríkulega myndskreyttur því starfsfólk safna var örlátt á ljósmyndir frá ýmsum stigum verkefnavinnunnar, oftast þó hinni skapandi útkomu sem rataði oft á tíðum á sýningu. Ég er samstarfsfólki mínu á söfnunum þakklát fyrir framlag þeirra til handbókarinnar en án þeirra, og framtaks þeirra í að innleiða skapandi nálgun í safnfræðslu grunnskólanemenda, væri ekki frá neinu að segja.

Þrátt fyrir þá áherslu sem ég legg á samtal og samvinnu milli safns og skóla urðu alls ekki öll innsend verkefni til í gegnum slíkt samtal. Sum urðu til í samtali á milli safns og þriðja aðila, sum urðu eingöngu til innan safnsins en öll lýsa þau skapandi ferli með áherslu á virkni nemenda og skapandi úrvinnslu. Þannig þjóna þau öll tilganginum; að vera grunnskólakennurum hvatning til að líta til safna um samstarf um gefandi námsupplifun

fyrir nemendur. Grunnskólakennari sem flettir í gegnum *Hugmyndahattinn* sér hvað hægt er gera í samvinnu við söfn og er þá tilbúnari í samtali um verkefni sem myndi henta hans nemendum og lyfta þeirra námi. Það er von mín að kennarinn valdeflist gagnvart safninu og finni að hann geti haft áhrif á safnheimsóknina og látið hana þjóna sinni námsyfirferð með nemendum. Með því móti eru nemendur einbeittari í safnheimsókninni vegna þess að markmiðin með henni eru þeim ljósari.

Andrúmsloft sköpunar, teymiskennslu, þverfaglegar nálgunar og þemanáms er að ryðja sér til rúms í skólastarfi þessi misserin og sýni ég fram á það í greinargerð minni að þessi þróun á sér stöðir í stefnumörkun hins opinbera á sviði menningar og lista, menntunar og barnamenningar. Söfn og aðrar menningarstofnanir eru hvött til samstarfs við skólakerfið, aðrar stofnanir, félög og einstaklinga, sérstaklega í þágu barnamenningar, þ.e. þátttöku barna í menningu og listum. Ég hef rakið sögu safnfræðslu á Íslandi, velt upp stöðu hennar innan safna og sem faggreinar. Einnig hef ég tengt safnfræðslu við kenningar í kennslufræði, sérstaklega þær sem leggja áherslu á nemendamiðað nám með skapandi virkni nemenda. Með þeirri nemendamiðuðu nálgun sem hugsmíðahyggja og listræn umhverfismenntun fela í sér verður nemandinn síður eins og gestur eða áhorfandi í safninu og meira eins og rannsakandi og notandi þess. Það stuðlar að því að nemandinn öðlist visst eignarhald á safninu í gegnum reynslu sína og verði þess vegna málsvari þess í samfélaginu. Hið sama gildir um grunnskólakennara sem leiða nemendur sína í söfn með þessar kennslufræðilegu nálganir að leiðarljósi.

Aukin teymiskennsla, þverfagleg nálgun og þemanám með áherslu á skapandi úrvinnslu nemenda í skólum almennt stuðlar eflaust að því að kennarar séu æ móttækilegri fyrir möguleikunum sem felast í samvinnu við söfn. Ég tel því tímabært að söfn geri sig meira gildandi innan skólakerfisins með skapandi verkefnum eins og þeim sem ég hef safnað saman í *Hugmyndahattinn*. Fyrirmyndarverkefni valdefla kennara en veita einnig safnfræðlusérfræðingum innblástur til að feta þá braut samvinnu og samtals sem þau fela í sér.

Ég kaus að einskorða efnisöflunina við grunnskólastigið til þess að afmarka vinnu mína. Fyrirmyndarverkefni geta þó veitt innblástur fyrir önnur skólastig og auðvitað taka söfn einnig kennurum leikskóla og framhaldsskóla opnum örmum í þeirra skapandi vegferð með sína nemendur.

## Heimildaskrá

- AlmaDís Kristinsdóttir. (2010). Safnfræðsla: staða og (ó)möguleikar. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2010(1), 135-161.
- AlmaDís Kristinsdóttir. (2011). Menntunarhlutverk safna: Máttleysi og/eða möguleikar. *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild*, 15-21.
- AlmaDís Kristinsdóttir. (2020). Fræðslumál safna: Safnfræðsla sem fag og hreyfiafl. *Safnablaðið Kvistur*, 2020(7), 28-31.
- Akureyrarbær. (2021). *Safnastefna Akureyrarbæjar 2022-2026*.  
<https://www.akureyri.is/static/files/forsida/safnastefna-akureyrarbaejar.pdf>
- Akureyri. (e.d.). *Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013-2018*.  
[https://www.akureyri.is/static/files/01\\_akureyri.is/pdf/menningarstefna-akureyrarbaejar-2014.pdf](https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/menningarstefna-akureyrarbaejar-2014.pdf)
- Anita Elefsen, Haraldur Þór Egilsson, Hörður Geirsson, Sigríður Sigurðardóttir og Steinunn M. Sveinsdóttir. (2017). *Farskóli safnmanna á Siglufirði: Farskólaskýrsla: Söfn í stafrænni veröld*. <http://safnmenn.is/wp-content/uploads/2018/10/farskolaskyrsla2018.pdf>
- Ásthildur Jónsdóttir. (e.d.). Upplýsingar um verkefnið. LÁN.  
<https://sites.google.com/gskolar.is/lan/upplýsingar>
- Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). Saga Barnasáttmálans.  
<https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/saga-barnasattmalans>
- Brüninghaus-Knubel, C. (2004). Museum Education in the Context of Museum Functions. Í Boylan, P. J. (ritstjóri), *Running a Museum: A Practical Handbook* (119-132). ICOM – International Council of Museums.

- Bryndís Sverrisdóttir. (2015). „*Safn án kennara er dauðara en allt dautt*“: *Upphaf og þróun safnfræðslu á menningarminjasöfnum á Íslandi* [lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði]. Háskóli Íslands.
- Dewey, J. (1916). *Essays in Experimental Logic*. University of Chicago.
- FED – The Foundation for Education Development. (2019). Meet our people: Professor Anne Bamford OBE. [https://fed.education/meet\\_our\\_people/professor-anne-bamford-obe/](https://fed.education/meet_our_people/professor-anne-bamford-obe/)
- Félagsmálaráðuneytið. (2021, júní). *Ársskýrsla félags- og barnamálaráðherra 2020*. [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/arsskyrslur-radherra-fyrir-2020/Arsskyrsla\\_FRN\\_2020.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/arsskyrslur-radherra-fyrir-2020/Arsskyrsla_FRN_2020.pdf)
- Fljótshádegisráðgjafi. (2019). *Menningarstefna Fljótshádegisráðgjafis*. [https://www.mulathing.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/stefnur/menningarstefna\\_fljotsdalsherads.pdf](https://www.mulathing.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/stefnur/menningarstefna_fljotsdalsherads.pdf)
- Gardner, H. (2006). *Multiple intelligences: New Horizons in Theory and Practice*. Basic Books.
- Gestur Guðmundsson. (2012). *Félagsfræði menntunar*. Skrudda.
- Hafdís Ingvarsdóttir. (2004). Mótun starfskenninga íslenskra framhaldsskólakennara. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1(1), 39-47.
- Heiða María Sigurðardóttir. (2005, 15. desember). *Hafa tilgátur Howards Gardners um fjölgreindir verið sannaðar? Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5485>
- Hein, G. E. (1998). *Learning in the Museum*. Routledge.
- Hooper-Greenhill, E. (2007). *Museums and Education: Purpose, Pedagogy, Performance*. Routledge.
- ICOM. (2015, desember). *Síðareglur ICOM fyrir söfn* (þýðendur Jón Proppé og Elísa Björg Þorsteinsdóttir). Íslandsdeild ICOM.
- Ingibjörg Hannesdóttir. (2010). *Hagnýt greining á samstarfslíkönnum skólakerfis og liststofnana; barnamyndasafni, barnalistahátíð og barnamenningarmiðstöð*,

*umhverfi þeirra og stjórnun* [lokaverkefni til MA-gráðu í menningarstjórnun].  
Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/6667>

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Aldís Ingvadóttir og Silvía Gunnarsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Landvernd. (2022, 1. apríl). Landvernd og Listasafn Íslands í samstarfi: sýnileiki umhverfisfréttafólks. <https://landvernd.is/landvernd-og-listasafn-islands-i-samstarfi-synileiki-umhverfisfrettafolks/>

List fyrir alla. (e.d.). Fjölbreytt listform og ólíkir menningarheimar.  
<https://listfyriralla.is/um-verkefnid/>

Listaháskóli Íslands. (e.d.). Námsleiðir í listkennsludeild. <https://www.lhi.is/namsleidir-i-listkennsludeild>

Listasafn Íslands. (2021). Samræmd safnastefna á sviði myndlistar 2021.  
<https://stefnalistasafna.is/markmid/>

Listasafnið á Akureyri. (e.d.). Safnfræðsla. <http://www.listak.is/is/fraedasla-og-fyrirlestrar/safnfraedsla>

Lög um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing) nr. 148/2018.

Mantere, M-H. (1992). Ecology, Environmental Education and Art Teaching. Í Piironen, L. (ritstjóri), *Power of Images* (bls. 17-26). INSEA Research Congress,

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. (2021). *List og menning í Reykjavík 2030: Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021–2030*.  
[https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/menningarstefnan\\_-\\_low\\_res.pdf](https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/menningarstefnan_-_low_res.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Höfundur.

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013b). *Menningarstefna* (umsjón með útgáfu Guðni Tómasson og Þorgeir Ólafsson). Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014, 1. október). *Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna 2014-2017: Byggð á Menningarstefnu 2013* (starfshópur um menningu barna og ungmenna). Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Menningararfurinn: Stefna um varðveislu og aðgengi* (ritstjóri Ásta Hermannsdóttir). Höfundur.
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði*, (13-41). Háskólaútgáfan.
- Ólöf Kristín Sigurðarsdóttir. (2017). *Ásmundur Sveinsson*. Listasafn Reykjavíkur.
- Palmer, J. A. (ritstjóri). (2001). *Fifty Modern Thinkers on Education: From Piaget to the Present*. Routledge.
- Rannís. (e.d.). Barnamenningarsjóður. <https://www.rannis.is/sjodir/menning-listir/barnamenningarsjodur/>
- Reglugerð um viðurkenningu safna nr. 900/2013.
- Reglur um úthlutun styrkja úr Barnamenningarsjóði Íslands. (2019). <https://www.rannis.is/media/barnamenningasjodur/Barnam-sjodur-2019-reglur-undirr.pdf>
- Reykjavíkurborg. (e.d.). Velkomin á MenntaStefnumót. <https://sites.google.com/gskolar.is/menntastefnumot/heim>
- Reykjavíkurborg (Skóla- og frístundasvið). (e.d.). *Látum draumana rætast: Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. [https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt\\_efni/menntastefna\\_rvk\\_20x20-lores22.02.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf)
- Safnalög nr. 141/2011.
- Safnaráð. (e.d.). Forsíða. [safnarad.is](http://safnarad.is)

- Safnaráð. (2007). Menntunarhlutverk safna: Niðurstöður könnunar. Í *Fræðsla fyrir alla* (2. hluti). Höfundur.
- Safnaráð. (2013). Safnaráð – skilyrði viðurkenningar. <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/skilyrði-vidurkenningar/>
- Safnaráð. (2021). *Stefnumörkun um safnastarf*. Höfundur.
- Samtök áhugafólks um skólaþróun. (e.d.). Íslensku menntaverðlaunin. <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. (e.d.). *Menningarstefna Vesturlands 2021-2024*. <https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/02/Menningarstefna-Vesturlands-2021-2024.pdf>
- Skólaþræðir. (e.d.). Samtök áhugafólks um skólaþróun. <https://skolathraedir.is/sample-page-2/>
- Smith, M. K. (2020). What is learning? A definition and discussion. <https://infed.org/mobi/learning-theory-models-product-and-process/>
- Sigríður Sigurðardóttir. (2005). *Hvert stefnum við?: Skýrsla farskólanefndar um Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna á Siglufirði dagana 21.-23. september 2005 þar sem fjallað var um framtíð safna*. <http://safnmenn.is/wp-content/uploads/2011/08/Sk%C3%BDrsla-Farsk%C3%B3la-FISOS-2005.pdf>
- Stefán Bergmann. (2000). Umhverfismennt í íslenskum skólum. *Uppeldi og menntun*, 9(1), 159-165.
- Stefán Jökulsson. (2012). Læsi: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Aldís Ingvadóttir og Silvía Gunnarsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Stjórnarráð Íslands (mennta- og menningarmálaráðuneytið). (2021). *Menningarstefna Íslands 2021-2030: Drög til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda, mars 2021* (óútgefin drög). Höfundur.
- Talboys, G. K. (2005). *Museum Educator's Handbook* (önnur útgáfa). Ashgate.

van Boeckel, J. (2009). Arts-based Environmental Education and the Ecological Crisis: Between Opening the Senses and Coping with Psychic Numbing. Í Barbara Drillsma-Milgrom og Leena Kirstinä (ritstjórar), *Metamorphoses in Children's Literature and Culture* (bls. 145-164). Enostone.

Þingskjal nr. 1364/2017–2018. Þingsályktun um verkefni í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands í þágu barna og ungmenna og rannsókna er stuðli að sjálfbærni auðlinda hafsins.

Þingskjal nr. 310/2020–2021. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030.

Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.


Þjóðminjasafn Íslands. (2017). *Safnastefna á sviði menningarminja* (ritstjóri Anna Lís Rúnarsdóttir) [Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2017/1]. Höfundur.

Ævar Aðalsteinsson og Jakob Frímann Þorsteinsson. (2015). Útivist í þéttbýli: Saga, gildi og tækifæri. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sér rit 2015: Um útinám*. <http://netla.hi.is/serrit/2015/alm/001.pdf>



## Myndaskrá

**Mynd 1:** Hein, G. E. (1998, bls. 25). *Menntakenningar (e. Education theories)*.



**Mynd 2:** Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun*.

**Mynd 3:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013a). *Gagnrýnin hugsun: Tengsl við menningu og umhverfi: Skapandi hugsun*.

## Viðauki I. Spurningakönnun

### Dæmi um skapandi samstarf og miðlun milli safna og grunnskóla

Hugmyndin er að setja saman handbók fyrir grunnskólakennara um möguleika sem felast í að nýta söfn sem námsvettvang. Markmiðið er m.a. að brúa bilið á milli skóla og safna og stuðla að aukinni og fjölbreyttari nýtingu á söfnum í kennslu grunnskólabarna.

Hvert eyðublað á við dæmi um eitt verkefni. Til þess að senda inn dæmi um fleiri verkefni þarf að fylla út nýtt eyðublað.

Ef verkefnið hefur verið framkvæmt endurtekið er nóg að lýsa dæmigerðri, nýlegri framkvæmd.

Heimilt er að senda inn verkefni sem er í þróun og hefur ekki verið framkvæmt.

1. Heiti safns
2. Nafn stjórnanda verkefnisins f.h. safnsins
3. Starfstíttill
4. Símanúmer og netfang (ef frekari upplýsinga skyldi óskað)
5. Nafn og starfstíttill annarra stjórnanda verkefnisins f.h. safnsins (ef fleiri en einn)
6. Heiti grunnskóla
7. Nafn/nöfn og netfang kennara sem stjórna verkefninu f.h. grunnskóla. (Mikilvægast er að fá fram kennara sem taka þátt í að móta verkefnið svo hægt sé að geta þeirra, ef við á. Má einnig nefna tengilið innan skóla). E.t.v. verður haft samband við valda kennara til þess að fá þeirra sjónarhorn.
8. Hvaða árgangur/-ar nemenda taka þátt?
9. Tekur þriðji aðili þátt í verkefninu? Vinsamlega segið frá öðrum þátttakendum, hverjir þeir eru og í hverju þátttaka þeirra felst.

### Lýsing verkefnisins og nánari upplýsingar

Hér er komið að mikilvægasta þættinum, sjálfri lýsingunni en saman mynda lýsingarnar uppistöðuna í handbókinni. Reitirnir hér að neðan eru flestir textareitir en svo kemur reitur þar sem hægt er að hlaða upp skjölum.

10. Yfirskrift eða heiti verkefnis
11. Hvað er gert? Þetta er sjálf lýsing verkefnisins og æskilegt að hún sé ítarleg. Leitað er eftir svörum við spurningum svo sem: Hvert er námsferlið? Hver er kveikjan, hvaða námsgögn eru notuð, hvar fer vinnan fram, hvað gera nemendur, hvað gera kennarar og starfsfólk safnsins? Hægt er að hlaða upp skjölum aftast í eyðublaðinu.

12. Hver er tímaramminn? Þ.e. frá sjónarhóli nemandans, hvað líður langur tími frá upphafi til enda ferlisins?
13. Afrakstur verkefnis. Þ.e. verður til einhver afurð, svo sem sýning, dagskrá, munir, myndir eða önnur sköpunarverk eftir nemendur?
14. Hvernig kemur verkefnið til? Þ.e. hvaðan kemur frumkvæðið, í hverju felst undirbúningurinn (hjá safni, hjá kennurum, hjá þriðja aðila ef við á).
15. Á verkefnið sér fyrirmynd sem það er byggt á eða var það búið til sérstaklega?
16. Námsgreinar sem verkefnið snertir innan skólans (ef vitað)

Samfélagsgreinar

Íslenska

List- og verkgreinar

Náttúrugreinar

Stærðfræði

Skólaíþróttir

Upplýsinga- og tæknimennt

Erlend tungumál

Annað

17. Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla og sértæk hæfniviðmið sem við eiga (ef vitað).  
Upptalning (nemandi getur:)
18. Vefslóðir sem eiga við verkefnið og varpa ljósi á það
19. Ávinningur frá sjónarhóli safnsins. Hér er óskað eftir hugleiðingum um gildi verkefnisins fyrir fræðslustarf safnsins og tengsl safnsins við samfélagið.
20. Annað sem vilji er til að koma á framfæri
21. Hér má hlaða upp skjölum svo sem ljósmyndum sem mættu birtast í handbókinni, handriti, kennsluáætlun, gögnum sem urðu til í ferlinu, lýsingu og kynningarefni til þess að styðja við ofangreindar upplýsingar.

## Viðauki II. Listi yfir söfn

### Söfn sem leitað var til um dæmi í handbókina *Hugmyndahattinn*

Þetta eru hin 47 viðurkenndu söfn samkvæmt lista á heimasíðu Safnaráðs sem uppfærður var í desember 2021. Höfuðsöfnin þrjú eru ekki á þessum lista því um þau gilda sérstök lög en þau eru Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Samtals eru söfnin því 50 talsins.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Byggðasafn Árnesinga

Byggðasafn Borgarfjarðar

Byggðasafn Dalamanna

Byggðasafn Garðskaga

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Byggðasafn Reykjanesbæjar

Byggðasafn Skagfirðinga

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Byggðasafn Vestfjarða

Byggðasafnið Görðum, Akranesi

Byggðasafnið Hvoll, Dalvík

Byggðasafnið í Skógum

Flugsafn Íslands

Gljúfrasteinn – hús skáldsins

Grasagarður Reykjavíkur

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar

Heimilisiðnaðarsafnið

Hvalasafnið á Húsavík

Hönnunarsafn Íslands

Iðnaðarsafnið á Akureyri  
Kvikmyndasafn Íslands  
Landbúnaðarsafn Íslands ses.  
Listasafn ASÍ  
Listasafn Árnesinga  
Listasafn Einars Jónssonar  
Listasafn Háskóla Íslands  
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn  
Listasafn Reykjanesbæjar  
Listasafn Reykjavíkur  
Listasafnið á Akureyri  
Menningarmiðstöð Hornafjarðar  
Menningarmiðstöð Þingeyinga  
Minjasafn Austurlands  
Minjasafn Egils Ólafssonar  
Minjasafnið Bustarfelli  
Minjasafnið á Akureyri  
Náttúrufræðistofa Kópavogs  
Nýlistasafnið  
Safnasafnið  
Sagnheimar – byggðasafn og náttúrugripasafn  
Sauðfjársetrið á Ströndum  
Síldarminjasafn Íslands ses.  
Sjóminjasafn Austurlands  
Tækniminjasafn Austurlands  
Veiðisafnið

### **Viðauki III. Bréf til safna**

*Kæra samstarfsfólk á sönnum um land allt*

*Ég hyggst vinna drög að handbók fyrir grunnskólakennara um fjölbreytta nýtingu á sönnum sem námsvettvang fyrir nemendur, sem lokaverkefni mitt í meistaranámi í kennslufræðum við LHÍ. Handbókin mun vera með dæmum um vel heppnaða samvinnu safns og skóla, eða skapandi miðlun sem grunnskólanemar njóta góðs af eða eiga þátt í að skapa. Ég óska því eftir frásögnum af vettvangi safna um allt land, af öllum gerðum og sérviðum, til þess að hafa í handbókinni. Frestur til að svara er til 1. febrúar.*

*Ég óska eftir frásögnum sem fela í sér einhvers konar sköpun og/eða virkni hjá nemendum, hvort sem hún fer fram í safninu eða í skólanum. Flestir kennarar þekkja til hefðbundinna safnheimsókna með leiðsögn um sýningar og e.t.v. smávegis verkefnavinnu eða leik í lokin en þær falla utan þessarar beiðni, nema þær séu hluti af stærra verkefni. Mig langar að opna augu kennara fyrir þeim möguleikum sem samstarf við söfn felur í sér og ekki öll gera sér grein fyrir. Til dæmis má nefna:*

- *endurteknar heimsóknir yfir skólaárið*
- *samstarf í tengslum við hátíðir svo sem bæjarhátíðir og barnamennningarhátíðir*
- *þegar safnið kemur í skólann*
- *rafræn miðlun safnanna til nemenda*
- *þegar umhverfi safnsins er líka notað*
- *þverfagleg nálgun*
- *nemendur í starfskynningu*
- *þegar safnheimsóknir eru grunnur að sköpun afurðar sem nemendur miðla á einhvern hátt (dagskrá, sýning, myndband, hljóðupptaka, myndir eða önnur sköpunarverk)*
- *þegar þriðji aðili kemur við sögu, t.d. listafólk eða fólk úr vísindum*
- *nemendasýningar í rými safnsins*

*Athugið að þar sem handbókin miðar að grunnskólakennurum sem notendum þá fellur fræðsla sem miðar að fjölskyldum og fullorðinsfræðsla, auk leikskóla og framhaldsskólastigs, utan hennar.*

*Handbókin verður birt sem drög ásamt greinargerð á Skemmunni í vor og í framhaldinu hef ég áhuga á að vinna hana frekar og koma á framfæri á vettvangi grunnskólakennara og safna. Þó handbókin sé hugsuð fyrir grunnskólakennara nýtist hún ekki síður safnafólki til að þróa og blása lífi í sitt fræðslustarf. Þar sem handbókin á að virka sem innblástur er ekkert því til fyrirstöðu að senda inn hugmyndir að verkefnum, þó að þeim hafi ekki verið hrint í framkvæmd enn þá. Ég sé fyrir mér að handbókin verði eingöngu rafræn enda verða í henni margir hlekkir á vefsíður með nánari upplýsingum og þá er líka auðveldara að uppfæra hana.*

*Meðfylgjandi er hlekkur á Google eyðublað sem ég óska eftir að verði fyllt út, svo upplýsingar berist mér á samræmdan máta. Þegar send eru fleiri en eitt dæmi bið ég um að hvert og eitt dæmi sé á sér eyðublaði. Sjá nánari leiðbeiningar í eyðublaðinu sjálfu.*

*Kæra samstarfsfólk í söfnunum, verið svo væn að gefa ykkur tíma til að bregðast við þessari beiðni. Innan skólanna er andrúmsloft sköpunar og þverfaglegrar samvinnu að ryðja sér æ meira til rúms og mikilvægt að söfnin skapi sér sess í því starfi.*

*Með kærri kveðju*

*Jóhanna Bergmann*

*í námsleyfi frá safnkennarastöðu við Þjóðminjasafn Íslands*